FRÉTTABLAÐIÐ

132. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 12. JÚNÍ 2020

Blóðsonur vill 85 milljónir í miskabætur

Sonur Tryggva Rúnars Leifssonar, sem ættleiddur var tólf ára gamall, hefur ekki fengið bætur vegna ólögmætrar frelsissviptingar föður síns. Hann krefst bóta á grundvelli heimildar í nýjum lögum.

GEIRFINNSMÁL Blóðsonur Tryggva Rúnars Leifssonar, Arnar Þór Vatnsdal, krefst 85 milljóna í bætur á grundvelli laga um heimild forsætisráðherra til að greiða bætur vegna sýknudóms Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Kröfunni er beint að forsætisráðherra og staðfestir Katrín Jakobsdóttir að krafan hafi verið móttekin. Henni hafi verið vísað til setts ríkislögmanns sem hafi hana til skoðunar.

Arnar Þór er fæddur árið 1973 og var tveggja ára gamall þegar faðir hans var hepptur í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Tryggvi Rúnar var látinn laus úr fangelsi í lok árs 1981, þegar sonur hans var á áttunda aldursári. Hann var ættleiddur árið 1985, þá tólf ára gamall.

Þegar hafa verið greiddar út 774 milljónir króna í bætur á grundvelli laganna til þriggja hinna sýknuðu sem eru á lífi og til aðstandenda Sævars Marinós Ciesielski og Tryggva Rúnars sem látnir eru.

Í lögunum segir að bætur skuli greiðast til þeirra sýknuðu sem eru á lífi og á sama grundvelli til eftirlifandi maka og barna þeirra sem látnir eru. Samkvæmt erfðalögum fellur erfðaréttur niður við ættleiðingu en í framangreindum lögum um bætur vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála er ekki minnst á rétt erfingja heldur eftirlifandi maka og barna.

» Arnar var tveggja ára þegar Tryggvi Rúnar var handtekinn vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar.

Í kröfu Arnars Þórs, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að óumdeilt sé að Arnar Þór sé sonur Tryggva Rúnars og að íslenska ríkið hafi ekki greitt honum bætur vegna ólögmætrar frelsissviptingar föður hans.

Um fjárhæð kröfu sinnar styðst Arnar við greinargerð með lögunum þar sem fram kemur að miða skuli meðal annars við lengd frelsissviptingar. Og á þeim grundvelli komi um 171 milljón í hlut aðstandenda Tryggva Rúnars.

Í kröfu Arnars er miðað við að bótum til aðstandenda Tryggva Rúnars hafi verið skipt jafnt milli eftirlifandi eiginkonu Tryggva Rúnars og dóttur, sem Tryggvi hafi ættleitt, þannig að hvor um sig hafi fengið 85 milljónir í bætur og krefst Arnar Þór sömu fjárhæðar.

Er ríkinu veittur frestur til 15. júní til að verða við kröfunni en að öðrum kosti áskilur hann sér rétt til málshöfðunar án frekari viðvörunar. **– aá**

Borgin tapaði 1,3 milljörðum króna

Dagur B. Eggertsson

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg tapaði um 1,3 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta kemur fram í rekstraráætlun sem lögð var fram í borgarráði í gær.

Fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir afkomu upp á 964 milljónir króna í A-hluta borgarinnar, þeim hluta sem fjármagnaður er með skatttekjum. Er munurinn því tæplega 2,3 milljarðar króna. Þá hafði verið áætlað að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði yrði jákvæð um tæpa 1,6 milljarða, en reyndist svo vera tap upp á 1,1 milljarð.

Í uppgjörinu segir að niðurstöðuna megi skýra með lægri skatttekjum og minni sölu á byggingarétti. Þá megi rekja lækkun tekna til samdráttar í efnahagslífinu, sem hafi þegar verið farinn að birtast, og að einhverju leyti til COVID-19 faraldursins, en samkomubann var sett á í fyrri hluta marsmánaðar. **- ab**

Þessi ungi maður var að mála bæinn rauðan í gær þegar að var komið. Kannski er það nægilega greinilegt fyrir bílstjóra sem hafa villst inn á þennan göngugötuhluta Laugavegar undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veður



Gengur í sunnan og suðvestan 5-13 og fer að rigna á V-verðu landinu, en áfram bjart að mestu A-lands. SJÁ SÍÐU 20

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Innlendir aðilar hafa til 26. júní að skila inn tilboðum í verkefnið.

Íslenskt fer ekki í EES-útboð

VIÐSKIPTI „Íslenskt – gjörið svo vel“, 90 milljóna króna kynningarherferð stjórnvalda og atvinnulífs um að auka verðmætasköpun verður ekki boðin út á EES-svæðinu. Aðeins innlendir aðilar geta boðið í verkið ólíkt 300 milljóna kynningarverkefni sem féll í skaut alþjóðlegu auglýsingastofunnar M&C Saatchi.

Fram kom í yfirlýsingu Ríkiskaupa í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um mál M&C Saatchi að skylt sé að auglýsa útboð á EES-svæðinu ef fjárhæðir fara yfir ákveðin viðmiðunarmörk.

Notast er við svokallaða létta leið þar sem ýmis þjónusta er undanskilin útboðum á EES-svæðinu.

Meðal áherslna innlendu kynningarherferðarinnar er að halda fé inni í íslenska hagkerfinu.

Indriði Waage, teymisstjóri ráðgjafarteymis hjá Ríkiskaupum, segir að í þessu tilfelli sé notast við svokallaða létta leið þar sem ýmis þjónusta sé undanskilin útboðum á EES-svæðinu. „Það eru hlutir sem erfitt er að mæla því lög um opinber innkaup gera ráð fyrir að menn séu að kaupa inn fyrir sem lægstan kostnað og mest gæði. Þess vegna var búin til þessi leið sem er notuð í alls konar svona félagsþjónustu,“ segir Indriði. „Lækningatæki eru til dæmis keypt þarna í gegn.“ **– mhj**

Hvað ungur nemur gamall temur

Börn á ævintýranámskeiði í Hveragerði komu við hjá Brunavörnum Árnessýslu og könnuðu öll helstu tæki sem allir vona samt að nota þurfi sem sjaldnast. Engu að síður er nauðsynlegt að allt virki eins og vera ber ef á þarf að halda. Gestunum þótti tækjabúnaðurinn forvitnilegur og skoðuðu hann í krók og kring. Þau gáfu sér þó eitt andartak til að horfa til ljósmyndara Fréttablaðsins sem fangaði augnablikið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Varanleg lokun Skólavörðustígs

REYKJAVÍK Á fundi skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í vikunni samþykkti meirihlutinn að ráðast í verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir varanlega lokun Skólavörðustígs við Bergstaðastræti. Markmiðið með því að afmarka varanlegt göngugötusvæði með skýrum hætti er að bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Er gert ráð fyrir að lagður verði grásteinskantur þvert á Skólavörðustíg auk annarrar hellulagnar.

Kostnaður við framkvæmdina er um 10 milljónir króna og gagnrýndu borgarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir, framkvæmdina harðlega. Bentu þær á að ekki væri um forgangsverkefni að ræða og að mikilvægt væri að geta með einföldum og ódýrum hætti opnað fyrir bílaumferð að nýju ef stefnubreyting yrði. **– þþ**

Tuk tuk-hjól til að upplýsa ferðamenn

Hafnarfjarðarbær hefur fest kaup á svokölluðu tuk tuk-rafhjóli sem mun nýtast sem hreyfanleg upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Í ljósi faraldursins og hruni í ferðamannaiðnaðinum fær bókasafn bæjarins að nota hjólið í sumar.

HAFNARFJÖRÐUR Nokkrir Hafnfirðingar ráku upp stór augu þegar þeir sáu bæjarstjórann Rósu Guðbjartsdóttur akandi um miðbæinn á litlum, þríhjóla, hurðarlausum bíl, merktum Hafnarfirði. Í ljós kom að þetta er ekki nýja bæjarstjóradrossían heldur svokallað tuk tuk-rafhjól en þau eru vinsæl í Asíu, meðal annars sem skutlarar. Verður hjólið nýtt í þágu bæjarins á sumrin.

Rósa segir að hugmyndin um að kaupa slíkt hjól hafi komið upp í vetur hjá menningar- og ferðamálanefndinni. Til standi að nýta það sem nokkurs konar færanlega upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn. „Hugsunin var að geta skotist á ýmsa viðburði í bænum þar sem von er á ferðamönnum, til dæmis þegar skemmtiferðaskipin eru að koma eða á tjaldsvæðið á Víðistaðatúni, og dreift til þeirra bæklingum og upplýsingum um skemmtilega og athyglisverða staði í bænum,“ segir hún.

Tuk tuk-hjól eru vinsæll ferðamáti á þéttbýlisstöðum í Asíu og Afríku. Ganga farartækin undir mörgum mismunandi nöfnum, eru þau kölluð Posy á Madagaskar, Keke í Nígeríu en Tuk tuk víða í Asíu. Voru slík farartæki á tímabili notuð af póstþjónustunni í Bandaríkjunum og nutu mikilla vinsælda á Ítalíu á eftirstríðsárunum.

Alls óvíst er hversu mörg slík hjól eru í notkun í heiminum. Samkvæmt greiningu alþjóðlegu auðlindastofnunarinnar WRI voru á bilinu 15 til 30 þúsund slík í notkun í hverjum bæ á Indlandi og eru þau talin vera allt að 150 þúsund í stórborginni Mumbai. Er gert ráð fyrir að ellefu þúsund ný hjól fari á götur Indlands í hverjum mánuði.

Rósa prófaði nýja hjólið sem bókasafnið mun nota. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta verður nokkurs konar bókabíll í sumar.

Rósa Guðbjartsdóttir,
bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar um að kaupa hjólið var tekin áður en COVID-19 faraldurinn skall á með tilheyrandi raski. Ekki er von á mörgum erlendum ferðamönnum í sumar og útgerðir skemmtiferðaskipa hafa afboðað komur sínar. Í ljósi þessa var ákveðið að nýta hjólið á annan hátt, í stað þess að láta það bíða í geymslu í heilt ár.

Rósa segir að Bókasafn Hafnarfjarðar muni nýta hjólið í sumar. „Þetta verður nokkurs konar bókabíll í sumar,“ segir hún. „Starfsfólkið mun nota hjólið til að fara á leikskólana og halda sögustundir, á leikjanámskeiðum og til að fara með bækur á bókaskiptimarkaði sem til stendur að setja upp í hverfunum.“

Hjólið hefur enn ekki fengið neitt nafn en Rósa segir að það sé á döfinni. „Þetta er enn opið og tilvalið að kalla eftir góðum hugmyndum að nafni.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

„Ég kem
með settið“
KPMG
Komdu með í ferðalag um landið okkar í sumar.
Á **ferdalag.is** getur þú fundið allt það helsta
um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.
ÍSLAND
KOMDU
MEÐ

MDE mat ummæli um kynfræðslu í Hafnarfirði hatursorðræðu

DÓMSMÁL Íslenska ríkið braut ekki gegn tjáningarfrelsi Carls Jóhanns Lilliendahl er hann var sakfelldur í Hæstarétti fyrir hatursorðræðu að mati Mannréttindadómstóls Evrópu sem vísaði máli hans frá dómi í gær. Í ákvörðun réttarins kemur fram að athugasemd sem Carl ritaði í athugasemdakerfi Vísis hafi falið í sér hatursorðræðu líkt og hann var sakfelldur fyrir í Hæstarétti í desember 2017. Hann var dæmdur vegna athugasemdar í athugasemdakerfi Vísis við frétt um samstarfssamning Hafnarfjarðarbæjar við Samtökin ´78 um hinsegin-fræðslu í grunnskólum.

Við fréttina ritaði Carl meðal annars athugasemdina: „ógeðslegt að innræta í börn hvernig kynvillingar eðla sig í rúminu.“

Í ákvörðun MDE segir að Hæstiréttur hafi vandlega vegið þau réttindi sem vógust á í málinu og niðurstaðan hafi ekki brotið í bága við tjáningarfrelsi Carls.

Mannréttindadómstóll Evrópu.

MDE var sammála dómi Hæstaréttar um að ummæli Carls njóti ekki verndar tjáningarfrelsis.

Í dómi Hæstaréttar var tekið mið af því að ummæli Carls féllu í almennri umræðu um hvernig ætti að haga kynfræðslu barna og ungmenna með tilliti til kynhneigðar. Orð Carls hafi verið komin langt frá upphaflegu tilefni umræðunnar.

„Ummæli ákærða voru í senn alvarleg, gróflega meiðandi og fordómafull, en til slíkra tjáningarhátta var honum alls óþarft að grípa til að koma á framfæri skoðunum um andstöðu við kynfræðslu af þessum toga,“ segir meðal annars í dómi Hæstaréttar. **– aá**

Hlutdeildarlán verða í boði verði frumvarpið að lögum frá Alþingi.

Hlutdeildarlán auðveldi fyrstu íbúðarkaupin

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin hyggst lána tekju- og eignalitlu fólki 20 prósent af kaupverði fyrstu íbúðar sem það kaupir ef frumvarp félags- og barnamálaráðherra verður samþykkt á þingi. Frumvarpið var kynnt í gær og er því ætlað að auðvelda fólki að eignast sína fyrstu íbúð.

Aðeins þeir sem hafa minna en 7,6 milljónir króna í árstekjur geta tekið lánið.

Lánin eru kölluð hlutdeildarlán og virka þannig að kaupandi mun leggja til að lágmarki fimm prósent sjálfur af kaupverðinu, taka 75 prósenta fasteignalán hjá lánastofnun og loks fá hlutdeildarlán frá ríkinu upp á 20 prósent kaupverðs. Aðeins þeir sem hafa minna en 7,6 milljónir í árstekjur geta tekið lánið, eða pör með undir 10,6 milljónir í árstekjur. Tekjumörkin hækka svo um 1,6 milljónir króna við hvert barn.

Lánin bera hvorki vexti né afborganir á lánstímanum, nema tekjur lántaka hækki. Lánið er svo endurgreitt um leið og íbúðin er seld. Við erum með þessari aðgerð að grípa inn í og rétta hlut tekjulágra einstaklinga á húsnæðismarkaðnum og þessi lán munu gera fólki kleift að búa við aukið öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð því hvar það býr á landinu,“ segir Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra. **– ókp**

Milljarðar munu lenda á ríkinu

Íslendingar munu þurfa að kaupa mikið magn losunarheimilda á næstu árum vegna Kyoto-samkomulagsins. Heildarreikningurinn hefur sveiflast frá um 10 milljörðum og upp í um 18 milljarða á rúmu ári.

UMHVERFISMÁL Samkvæmt árlegri skýrslu Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi eru Íslendingar langt frá því að standa við skuldbindingar gagnvart Kyoto-bókuninni. Kyoto-tímabilinu lýkur í ár og ef miðað er við þá losun sem íslenska ríkið og almenningur ber ábyrgð á stefnir í að Íslendingar losi um 60 prósent meira magn af gróðurhúsalofttegundum en Íslandi var úthlutað fyrir síðara tímabilið. Íslandi var úthlutað um 15 milljón tonnum af CO-2 ígildum en allt stefnir í að raunveruleikinn verði 24 milljónir tonna.

Á móti losuninni vega um 5 milljónir tonna vegna frádráttarbærra mótvægisaðgerða eins og skógrækt og því má gróflega áætla að út af standi um 4 milljónir tonna. Þau þarf íslenska ríkið að kaupa á háu verði og þar getur tímasetning kaupa skipt sköpum. Verðið á þessum losunarheimildum sveiflast nefnilega mikið á markaði og þar hafa hamfarir eins og COVID-19 faraldurinn mikil áhrif.

„Meðalverðið á slíkum heimildum var 29 evrur tonnið árið 2019. Á fyrsta hluta ársins 2020 var verðið hins vegar fallið niður í 17 evrur tonnið og það er fyrst og fremst vegna áhrifa af COVID-19. Í dag stendur verðið í rúmlega 22 evrum,“ segir Guðmundur Sigbergsson, framkvæmdastjóri Icert. Fyrirtækið gaf út leiðbeiningar um kolefnisjöfnun og kolefnishlutleysi í byrjun árs.

Þetta þýðir að losunarheimildirnar sem íslenska ríkið þarf að kaupa kostuðu um 17,7 milljarða króna í fyrra en í byrjun ársins 2020 var verðið um 10,4 milljarðar króna. Nú stendur verðið í 13,3 milljörðum króna.

„Miðað við þetta mætti segja að íslenska ríkið hefði sparað um 7,3 milljarða króna ef losunarheimildir hefðu verið keyptar á fyrsta ársfjórðungi í stað þess að það hafi verið gert í fyrra. Það má reikna með að reikninginn, ef svo má að orði komast, vegna þessarar losunar þurfi íslenska ríkið að greiða árin 2022–2023. Það verður ekki gert í skyndi enda þarf væntanlega að gera ráð fyrir útgjöldunum í fjárlögum. Það er þó ljóst að þessi reikningur kemur og íslenska ríkið myndi gera vel að búa þannig um hnútana að geta brugðist við með hraði þegar kauptækifæri myndast á markaðinum. Tímasetning slíkra fjárfestinga skiptir nefnilega milljarða máli,“ segir Guðmundur. Hann bendir á að magnið sem Ísland þarf að kaupa er mikið og því verði það ekki keypt allt í einu, það þurfi að gera í skrefum.

„Best hefði auðvitað verið að Ísland hefði staðið sig betur á Kyoto-tímabilinu en raun ber vitni og hefði ekki þurft að kaupa losunarheimildir. Þegar Parísartímabilið hefst í byrjun næsta árs er því á brattann að sækja. Sérstaklega þegar haft er í huga að Ísland ætlar að vera kolefnishlutlaust árið 2040,“ segir Guðmundur. **arib@frettabladid.is**

Íslenska ríkið og almenningur losuðu meira af gróðurhúsalofttegundum en stefnt var að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það er þó ljóst að þessi reikningur kemur og íslenska ríkið myndi gera vel að búa þannig um hnútana að geta brugðist við með hraði þegar kauptækifæri myndast á markaðinum

Guðmundur Sigbergsson, framkvæmdastjóri Icert

Fleiri leituðu á náðir Bjarkarhlíðar

SAMFÉLAG Alls leituðu 565 einstaklingar til Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, í fyrsta viðtal á síðasta ári. Þetta kemur fram í ársskýrslu Bjarkarhlíðar sem kynnt var á fundi ofbeldisvarnarnefndar í vikunni. Um er að ræða tæplega 18 prósenta aukningu frá fyrra ári.

Í hverjum mánuði í fyrra komu að meðaltali 47 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð. Flestir sem þangað leituðu, eða 64 prósent, voru á aldrinum 18 til 39 ára og 82 prósent voru konur. Þá voru flestir einhleypir og höfðu lokið framhaldsskóla- eða háskólamenntun.

56 prósent þeirra sem leituðu í Bjarkarhlíð höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi og spurðir um tengsl við geranda sögðu 84 prósent að um barn, ættingja, núverandi eða fyrrverandi maka væri að ræða. 18 prósent sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi og sami fjöldi hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Flestir gerendur voru karlmenn á aldrinum 30–39 ára og í sjötíu prósent tilvika var vettvangur ofbeldisins heimili þolanda.

Bjarkarhlíð er staðsett við Bústaðaveg í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri Bjarkarhlíðar

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri Bjarkarhlíðar, segir að aðsóknin það sem af er þessu ári sýni að líklega verði heildarfjöldi þeirra sem leiti til miðstöðvarinnar í ár enn meiri en í fyrra.

„Ég tók stöðuna í byrjun júní og þegar þrjár vikur voru eftir af mánuðinum vorum við búin að ná sömu tölu og við vorum með í lok júní á síðasta ári.“ Þá segir hún fjölgunina samspil margra þátta. „Það var mikil umræða og vitundarvakning um ofbeldi í kringum COVID-19 og við finnum það alltaf þegar það er vitundarvakning um ofbeldi í þjóðfélaginu og sérstaklega hvað varðar andlegt ofbeldi,“ segir Ragna. **– bdj**

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Sérvalið þurrverkað kjöt
HÆGMEYRNAÐ
Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður í 4-6 vikur
þannig næst einstakt bragð og mýkt í kjötið

15% afsláttur

EINA KJÖTIÐ SINNAR TEGUNDAR Á ÍSLANDI

Venjulega er nautakjöt látið meyrna í 15 daga áður en það er sent í verslanir. Við ákváðum að ganga enn lengra og fengum kjötiðnaðarmeistara til að sérvelja fyrir okkur bita og láta það hægmeyrna. Kjötið var látið hanga á beini í sérhönnuðum kæli í 4 til 6 vikur við 2-4°C. Þessi aðferð gerir það að verkum að það nær einstakri meyrnun og bragðgæðum. Hægmeyrnað er „dry aged“ á frummálinu en ekkert annað kjöt á Íslandi er unnið á þennan hátt í neytendapakkningar. Þetta er eitthvað sem sannir sælkerar og áhugafólk um kjöt má ekki láta framhjá sér fara.

Bernaisesósa, ómissandi með nautinu

479 kr/stk

Nauta ribeye

5.694 kr/kg
Verð áður 6.699 kr/kg

Tilboð gilda út 14. júní

25% afsláttur

Kryddlegnar lærissneiðar

2.549 kr/kg
Verð áður 3.399 kr/kg

15% afsláttur

Grillbringur
Spicy Lemon, Black Garlic og Churrasco

2.209 kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg

20% afsláttur

Kjúklingalundir

2.039 kr/kg
Verð áður 2.549 kr/kg

Rib world grísarif
Þarf aðeins að hita

1.099 kr/pk

Fanta Lemon 330 ml

129 kr/stk

Omnom súkkulaði

verð frá **749** kr/pk

HAGKAUP

GRILLHELGI! - GRILLHELGI! - GRILLHELGI!

-25%

629kr.

KJÖTBANKINN

Kjötbankinn
Rib-eye hamborgari
2x140g — 25% fita
Venjulegt verð 849 kr

359kr.

SS Vínarpylsur
5 stk
Venjulegt verð 449 kr

-20%

-20%

159kr.

Heineken 0,0% bjór
330ml
Venjulegt verð 199 kr

199kr.

Myllan pylsubrauð
5 stk
Venjulegt verð 239 kr

-18%

-18%

209kr.

Myllan Hamborgara kartöflubrauð
2 stk
Venjulegt verð 249 kr



OPIÐ 24/7

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

NÚ OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

HALLVEIGARASTÍGUR 1 | 101 REYKJAVIK | SUPER1.IS

Landamæri Íslands verða opnuð á ný á mánudag. Allir sem koma til landsins verða skimaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mikil óvissa ríkir um framkvæmd skimana

Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins segir að það gangi ágætlega að manna skimanirnar á Keflavíkurflugvelli. Vinnan sé hins vegar óljós og óútreiknanleg, meðal annars vegna þess að flugáætlanir breytast jafnt og þétt.

COVID-19 Mikil óvissa ríkir um hvernig sýnatökum á Keflavíkurflugvelli verður háttað, að sögn Óskars Reykdalssonar, forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem mun sjá um sýnatökuna.

„Þetta er mikil vinna, óljós og óútreiknanleg. Við erum að vinna í raun frá degi til dags en vitum ekki alveg hvað við erum að fara út í," segir Óskar. Nú er unnið að því að setja upp áætlun en flugáætlanir eru að breytast jafnt og þétt.

Óskar segir að það gangi ágætlega að manna verkefnið en fyrst og fremst er verið að bjóða starfsfólki heilsugæslunnar að taka þátt, þar sem það er vant sýnatökum. „Það er ekki eins og það sé slegist um að mæta," segir hann hins vegar.

„Aðalmálið er samt að við vitum ekki hvað við erum að fara út í og erum að safna fólki. Það er hásumar sem gerir þetta enn þá erfiðara. Við erum að reikna með að skipuleggja þetta þannig að við bjóðum okkar fólki fyrst en við getum ekki með góðu móti pínt það í svona vinnu," segir Óskar.

Að sögn Óskars er hins vegar ljóst að starfsfólk heilsugæslunnar muni ekki eitt og sér geta séð um verkefnið. „Við erum að gera samninga við aðra aðila sem bjóða upp á fólk til að taka sýni þar sem við

Generalprufa fer fram í Leifsstöð á laugardaginn þar sem allir sem munu taka þátt í skimunarverkefninu mæta.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

getum ekki mannað þetta sjálf," segir hann.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, tekur í sama streng. Hún segir að hjúkrunarfræðingar frá einkareknum heilsugæslustöðvum muni líka taka þátt í skimuninni. Þá sé verið að þjálfa fólk sem starfar ekki í heilbrigðisgeiranum í að skima. Stór þjálfunardagur hafi verið í gær.

Spurð um hvort allt verði tilbúið þegar fyrsta vél lendir á mánudaginn, segir Ragnheiður mikla vinnu vera í gangi til að tryggja að svo verði. „Við erum að vona að þetta gangi allt saman upp og erum að vinna við það fullum fetum. Það er allt í gangi og verið að þjálfa fólk."

Ragnheiður segir hlutina ekki vera að skýrast frá degi til dags heldur frá klukkutíma til klukkutíma. „Þetta var náttúrlega ótrúlega stuttur tímarammi," segir hún.

Ef verkfall hjúkrunarfræðinga verður, sem er áætlað að hefjist 22. júní, segir Ragnheiður að það muni vissulega hafa áhrif en ekki stöðva verkefnið.

„Generalprufa fer fram í Leifsstöð á laugardaginn þar sem allir sem munu taka þátt í skimunarverkefninu mæta. Mikill tækja- og tölvubúnaður fylgir verkefninu og því þarf allt að ganga upp á mánudaginn," segir Ragnheiður.

Öll sýni verða send til Íslenskrar erfðagreiningar og búið er að setja upp sér tölvukerfi svo ferðamenn verða ekki skráðir í sjúkraskrána hérlendis. Sérstakt hliðarkerfi hefur verið sett upp og allir þurfa að forskrá sig í það, að sögn Ragnheiðar.

mhj@frettabladid.is

Samdráttur í sölu íslenskra prentgripa

VIÐSKIPTI Sala íslenskra bóka hefur dregist saman um tæp 28 prósent í verslunum Pennans Eymundsson séu fyrstu fimm mánuðir þessa árs miðaðir við sama tímabil í fyrra. Frá janúar og út maí á þessu ári seldust 55.061 íslensk bók í verslunum Pennans en á sama tíma árið 2019 voru þær 76.335 talsins.

Ingimar Jónsson, forstjóri Pennans, segir ljóst að markaðurinn fyrir íslenskar prentaðar bækur sé að dragast saman, þvert á markmið stjórnvalda um styrkveitingar bókaútgefenda til að auka lestur og sölu á bókum til að bregðast við minni sölu á undanförnum árum.

„Á sama tíma er mikill vöxtur í hljóðbókum og hlustun þar sem

Samdrátturinn er gegn markmiðum um styrkveitingar til að auka lestur.

nánast eini aðilinn á þeim markaði er sænski risinn Storytel, en þeir njóta hér ríkisstuðnings," segir Ingimar og bætir við að kórónuveirufaraldurinn hafi vafalaust haft einhver áhrif á sölutölurnar en breyti ekki þeirri þróun sem eigi sér nú stað í bókasölu, nánast allar verslanir Pennans hafi verið opnar allan tímann sem faraldurinn stóð yfir. Hann segir þessa þróun alvarlega og að starfsfólk Pennans hafi ekki séð slíka þróun áður.

„Ljóst er að ef þessi þróun heldur áfram þá er það mjög alvarlegt mál fyrir íslenska bókaútgáfu og sölu prentaðra bóka," segir Ingimar. „Í samtölum mínum við útgefendur á undanförnum mánuðum hef ég varað við þessu en hingað til talað fyrir daufum eyrum, enda telja aðilar hér á markaði, margir hverjir, að hljóðbókin sé hrein viðbót við prentuðu bókina." **– bdj**

vegan
Hlunkur
Lúxus
Nýtt
PÓNÍS
FROSTPINNI
Nýtt
SIRKUS
Lúxusflaug
Lúxus
Saltkaramellu ispinni
GULLIVER
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Blámi
FROSTPINNI
vegan
MAMBÓ
Jákeg
augusto
ICE TO GO
chocolate
Nýtt
augusto
ICE TO GO
strawberry
Nýtt
SNICKERS
ICE CREAM
Mars
Ice Cream
FREKJU DOLLA
Kjörís

Eva og eplið eftir Ingu Elínu.

Evu og eplinu verður fargað

MOSFELLSBÆR Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur staðfest endalok listaverksins Evu og eplisins eftir Ingu Elínu. Verkið, sem keypt var af mosfellsku listakonunni árið 1992, er skúlptúr úr bræddu og myndskreyttu gleri á málmteini og hvílir það á steinundirstöðu.

„Á einhverjum tímapunkti brotnaði hluti glersins og verkið var sett í geymslu. Í ársbyrjun 2020 var listakonan fengin til að skoða verkið og var mat hennar að það væri óviðgerðarhæft. Því var sú ákvörðun tekin að verkinu skyldi fargað," segir í umsögn Auðar Halldórsdóttur, forstöðumanns bókasafns og menningarmála hjá Mosfellsbæ. **– gar**

Þrennt handtekið í fíkniefnamáli

LÖGREGLUMÁL Þrennt var handtekið eftir rannsókn lögreglunnar á Suðurnesjum á máli karlmanns sem staðinn var að því að reyna að smygla til landsins umtalsverðu magni af fíkniefnum í mars síðastliðnum.

Í húsleitum á heimilum þeirra voru haldlagðir munir sem taldir eru tengjast skipulagningu og undirbúningi innflutningsins. Lagt var hald á fíkniefni. Eru hin handteknu grunuð um framleiðslu fíkniefna, þar á meðal ræktun kannabisefna ásamt sölu og dreifingu.

Sá sem staðinn var að smygltilrauninni var handtekinn við komuna til landsins frá París með tvö kíló af kókaíni falið í hljómflutningstækjum og lítils háttar af metamfetamíni. Er hann talinn vera burðardýr. **– ab**

Þarf öfluga viðspyrnu gegn aukinni ofbeldismenningu

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur áhyggjur af ofbeldismenningu meðal ungmenna. Verkefnastjóri segir lögregluna vilja fá foreldra í lið með sér. Unnið er að því að kortleggja síður sem sýna ofbeldismyndbönd í því skyni að fá þeim lokað. Vilja að foreldrar eyði ofbeldisfullu efni úr símum barna sinna.

Lögreglan vinnur nú gegn ofbeldismenningu meðal ungmenna og leitar eftir samstarfi við foreldra. MYND/GETTY

SAMFÉLAG „Við heyrum af slagsmálum og líkamsárásum meðal unglinga, sem er verið að stofna til nánast gagngert til að taka upp og setja á samfélagsmiðla. Svo eru önnur sem er boðað til og þau tekin upp þótt það sé kannski ekki gagngert til þess," segir Marta Kristín Hreiðarsdóttir, verkefnastjóri hjá upplýsinga- og áætlanadeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan hefur áhyggjur af því að ofbeldismenning sé útbreidd meðal íslenskra ungmenna. „Ofbeldi virðist vera liðið og jafnvel metið inni í sumum hópum eldri unglinga. Þetta tengist stundum annarri áhættuhegðun eins og neyslu en ekki alltaf. Það er nánast sama hvaða ungling þú spyrð í dag, hann kannast við að hafa séð svona myndbönd eða vita af svona síðum. Það segir okkur auðvitað að þetta er orðið allt of almennt," segir Marta.

Nýverið sagði Fréttablaðið frá stórri rannsókn sem sýnir mikla aukningu slagsmála hjá íslenskum ungmennum. Af OECD-ríkjunum höfðu íslenskir nemendur í 6. og 8. bekk oftast verið þátttakendur í slagsmálum og nemendur í 10. bekk voru í öðru sæti listans.

Marta segir að þessar niðurstöður styðji upplifun lögreglunnar. „Við fáum auðvitað ekki öll mál inn á borð til okkar heldur kannski þessi alvarlegustu. Þá kæra foreldrar en það gerist ekki alltaf því það er ákveðin hræðsla þarna úti. Krakkarnir segja að ef málin verða kærð eða tilkynnt verði gengið frá þeim."

Hún segir að oft sé um hættulegar árásir að ræða þar sem ítrekað sé sparkað eða slegið í höfuð og búk. „Við höfum auðvitað dæmi um að slíkt geti endað mjög illa og höfum áhyggjur af því að í eitthvert af þessum skiptum eigum við eftir að enda með mjög alvarlegar afleiðingar. Þess vegna viljum við endilega grípa inn í."

Marta segir tímann undanfarið hafa verið sérstakan. „Nú er auðvitað búið að vera sérstakt ástand og upplausn meðal unglinga. Nú erum við að fara inn í sumarið þar sem unglingar eru margir meira heima við, kannski með minna að gera og minna um löng ferðalög með foreldrum. Það er því mikilvægt að foreldrar haldi vel utan um þá."

> **Ofbeldi virðist vera liðið og jafnvel vel metið inni í sumum hópum eldri unglinga.**
>
> Marta Kristín Hreiðarsdóttir verkefnastjóri

Þannig vilji lögreglan fá foreldra í lið með sér og spá í hvað börn þeirra séu að gera. Þeir þurfi að tala við börnin um að ofbeldi sé ekki í lagi og geti haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir þolendur og gerendur ef illa fer.

Mörg af börnunum sem tengjast málum sem koma til kasta lögreglunnar eru undir 15 ára og þess vegna ósakhæf. Þau mál hafa því ekki farið langt hjá lögreglunni.

„Núna viljum við aðeins reyna að spyrna við fótum og vera með vitundarvakningu. Ef börnin eru ósakhæf getum við boðað þau til okkar með foreldrum sínum og rætt við þau. Það hefur kannski ekki miklar afleiðingar en samt sem áður erum við með því að segja að við lítum þetta mjög alvarlegum augum."

Lögreglan hefur að undanförnu verið að skoða lokaða hópa á samfélagsmiðlum þar sem myndböndum af slagsmálum er dreift. „Við vitum til dæmis af einum lokuðum hópi á Facebook þar sem rúmlega þúsund manns eru að horfa á þessi myndbönd. Þetta er eitthvert svona æði sem okkur líst ekki á."

Nú er unnið að því að kortleggja svona síður til að fá þeim lokað. „En við vitum að þær munu bara poppa upp aftur undir svipuðu nafni. Við erum líka að sýna foreldrunum þessi myndbönd því þeir hafa oft ekki hugmynd um hvað sé í gangi. Þeim blöskrar oft það sem þeir sjá. Þarna viljum við fá foreldrana til að ræða við börnin og fá þá til að skoða símana þeirra og eyða svona myndböndum út ef þau eru til staðar."

Finni foreldrar eða aðrir sem vinna með börnum svona ofbeldismyndbönd þurfi að tilkynna það til lögreglu og barnaverndar séu málin þess eðlis.

„Það sem við höfum líka áhyggjur af er þessi menning að þetta sé flott eða töff. Við vitum jafnvel að eftir sum líkamsárásarmál sem lögreglan hefur komið að eru bæði þolendur og gerendur að guma sig af þessu og segjast hafa öðlast frægð út á þetta – þau vilja vekja ótta með því hjá öðrum krökkum."

sighvatur@frettabladid.is

ILVA

GO CRAZY

Sparaðu

25%

AF ÖLLUM VÖRUM*

FÖSTUDAG - MÁNUDAGS

DAGANA 12. – 15. JÚNÍ

Frí heimsending

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU FYRIR ÞÁ SEM VERSLA FYRIR 5.000 EÐA MEIRA

GILDIR DAGANA 12.-15. JÚNÍ

***20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Vilja hafnir fyrir ísbrjóta á norðurslóð

Donald Trump hefur sent ríkisstofnunum minnisblað og leggur til uppbyggingu ísbrjótaflota og að byggja þurfi upp fjórar hafnir á norðurslóðum. Sérfræðingur í alþjóðastjórnmálum segir að ef átök brjótast út í Austur-Evrópu gæti Ísland lent í hringiðunni.

UTANRÍKISMÁL Samkvæmt nýju minnisblaði Donalds Trump Bandaríkjaforseta til nokkurra bandarískra ríkisstofnana stendur til að kaupa að minnsta kosti þrjá nýja ísbrjóta. Er þetta gert til þess að bregðast við auknum umsvifum Rússa og Kínverja á norðurslóðum, þó það sé ekki sagt berum orðum. Kaupa eigi að minnsta kosti þrjú skip og verði flotinn að vera tilbúinn árið 2029. Einnig á að koma upp fjórum höfnum til að sinna þeim.

Hvað norðurslóðirnar varðar huga Bandaríkjamenn einkum að tveimur svæðum, Beringssundi milli Alaska og Rússlands, og Norður-Atlantshafinu. Þá sérstaklega svæðanna milli Grænlands og Íslands annars vegar og Íslands og Bretlands hins vegar.

Önnur svæði hafa einnig verið í deiglunni, svo sem Barentshafið. En Bandaríkjamenn sigldu herskipum þangað í fyrsta sinn frá lokum kalda stríðsins, til að undirstrika að svæðið væri alþjóðlegt en ekki bakgarður Rússa. Rússar svöruðu því með heræfingum á svæðinu.

Í minnisblaði Trumps kemur fram að ísbrjótarnir skuli notaðir til að tryggja heilsárs viðveru bandarískra skipa við norðurheimskautið, en einnig að einhverju leyti við suðurheimskautið. Þegar hefur verið gert ráð fyrir einu skipi í fjárlögum ársins 2021.

Bandaríkjamenn eiga aðeins tvo ísbrjóta í dag, Healy sem er lítill, og Polar Star sem er 44 ára gamall. Í minnisblaðinu er talað um að til greina komi að leigja ísbrjóta þangað til nýju skipin verða tilbúin.

Hinn 44 ára gamli ísbrjótur Polar Star er löngu orðinn úreltur og í fyrra kviknaði í honum. MYND/EPA

Einn helsti hvatamaðurinn að þessu er Dan Sullivan, öldungadeildarþingmaður Repúblikana frá Alaska. Hann hefur bent á að Rússar eigi meira en 50 ísbrjóta og séu því í mun betri stöðu en Bandaríkjamenn á svæðinu. Margir af þeim eru kjarnorkuknúnir og geta því haft mun lengri viðveru á hafi úti en olíuknúnir ísbrjótar.

Bandaríkjamenn huga nú að því að kaupa kjarnorkuknúna ísbrjóta en verða þó að hafa öruggar og stórar hafnir á norðurslóðum til þess að sækja vistir og sinna viðgerðum. Hefur ríkisstofnunum verið falið að kanna staði fyrir fjórar hafnir, tvær í Bandaríkjunum, þá sér í lagi í Alaska, og tvær í öðrum löndum. Er þá horft til Noregs, Grænlands og Íslands í því samhengi.

Gustav Pétursson alþjóðastjórnmálasérfræðingur segir að málefni Kínverja og Rússa séu gerólík þegar kemur að norðurslóðasiglingum. Þegar kemur að Kína snúist málið fyrst og fremst að fraktflutningum en að beinum hernaðarmálum þegar kemur að Rússlandi.

Hvað Rússland varðar segir Gustav að átök gætu blossað upp í Austur-Evrópu á hvaða tímapunkti sem er, líkt og gerðist árið 2014 þegar Krímskagi var tekinn af Úkraínumönnum. Ef Rússar réðust inn í eitt af Eystrasaltsríkjunum, sem eru í NATO, gæti það þýtt alvarleg átök á norðurslóðum.

„Ef það kemur til átaka þarf að tryggja flutningaleiðirnar á milli Ameríku og Evrópu. Leiðin til að gera það er að halda rússneska flotanum norðan við Ísland," segir Gustav. „Þá yrði Ísland komið í hringiðu átakanna."

» Bandaríkjamenn eiga aðeins tvo ísbrjóta og annar þeirra er 44 ára gamall

Gustav segir að umræðan um uppbyggingu hafnarinnar í Helguvík geti vel tengst þessu. „Bandaríkjamenn eru að auka viðveru sína hér á Íslandi og ég á von á því að Helguvík fari í formlegan umræðuferil í utanríkismálanefnd og þinginu í haust," segir hann.

Í apríl var greint frá áhuga sveitarstjórnarmanna í Reykjanesbæ að hefja uppbyggingu í Helguvík. Lagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra einnig til að ráðist yrði í framkvæmdirnar á árunum 2021 til 2025. Tekist var á um málið á Alþingi eftir að fréttir bárust af því að Vinstri græn hafi verið andvíg uppbyggingunni. Sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að engar formlegar viðræður væru hafnar um uppbygginguna og að ekki ætti að blanda saman utanríkismálum og efnahagsmálum á tíma þegar Íslendingar standa höllum fæti.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Eignir og arfur

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Umræða um sjávarútveg snýst sjaldnast um mikilvægi þess hvernig við getum hámarkað arðsemi auðlindarinnar. Við höfðum orðið vitni að þessu eftir að tilkynnt var um breytingar á eignarhaldi Samherja þar sem börn eigenda fyrirtækisins fá fyrirfram greiddan arf frá foreldrum sínum. Látið hefur verið að því liggja, meðal annars af þingmönnum, að aflaheimildir Samherja séu nú að ganga í erfðir og það sé því hneyksli. Hið rétta er að það eru hlutabréf félagsins – samanlagt um 85 prósenta hlutur – sem eru framseld en ekki aflaheimildirnar sem slíkar. Fullyrðingar um annað bera þess merki að nota eigi málið til að ná fram öðrum og alls óskyldum pólitískum markmiðum, eins og um að umbylta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það væri ekki gæfuleg vegferð.

Staðreyndir málsins liggja ljóst fyrir. Hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum hafa margoft gengið í erfðir og eru lög um erfðafjárskatt afar skýr um hvernig haga ber skattgreiðslum – skattprósentan er tíu prósent – í slíkum tilfellum, skiptir þá engu hvort arfurinn sé fyrirframgreiddur eða ekki. Í ákvæði laganna, sem voru sett fyrir sextán árum, kemur fram að aflaheimildir séu verðmæti sem greiða eigi erfðafjárskatt af og að miða skuli við markaðsverð. Þegar um er að ræða óskráð félög, eins og Samherja, eru fyrirmæli um að horfa eigi til bókfærðs verðs eigin fjár. Skattgreiðslur vegna framsals hlutabréfa í Samherja munu því hlaupa á mörgum milljörðum. Vanþóknun sumra á því að eigendur Samherja séu að ráðstafa eignum félagsins í samræmi við gildandi lög er því í besta falli furðuleg – nema þá að það sé vilji þeirra að eignir manna renni í ríkissjóð að þeim látnum.

Í umræðu um breytingar á eignarhaldi Samherja er sú skoðun ríkjandi að eigendur fyrirtækisins hafi fengið allt sitt gefins án þess að hafa þurft að taka í reynd neina fjárhagslega áhættu. Nær allar aflaheimildir Samherja eru komnar til vegna fjárfestinga félagsins, sem þurfti að fjármagna með lánum, í öðrum útgerðarfyrirtækjum og skipum á undanförnum áratugum. Það er því fjarstæða að halda að sú verðmætasköpun sem hefur átt sér stað hjá Samherja, rétt eins og öðrum vel reknum sjávarútvegsfyrirtækjum, hafi ekkert með framlag stjórnendanna sjálfra, vinnu og hugvit þeirra að gera. Þótt eðlilegt sé að deilt sé um hvað útgerðin eigi að greiða í veiðigjöld þá er ástæða til að hafa það hugfast að sjávarútvegurinn er besta dæmið um atvinnugrein á Íslandi sem hefur tekist, einkum vegna hins hagkvæma fyrirkomulags fiskveiða, að ná mikilli framleiðni vinnuafls og fjárfestingar. Öll þjóðin nýtur þess ávinnings.

Reynslan sýnir að það verður samt aldrei nein sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið. Hún gæti hins vegar orðið meiri ef fleiri sjávarútvegsfyrirtæki væru í dreifðri eigu fjárfesta, lífeyrissjóða og almennings, en í dag er aðeins eitt fyrirtæki í Kauphöllinni. Það er af sem áður var þegar nánast öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins voru skráð á markað um síðustu aldamót. Slík þróun þyrfti að haldast í hendur við aðgerðir um að endurskoða tólf prósenta kvótaþakið þannig að íslenskar útgerðir, sem eiga í alþjóðlegri samkeppni við fyrirtæki sem lúta ekki slíkum pólitískum höftum, geti náð fram meiri stærðarhagkvæmni í sínum rekstri. Það er hægt að gera enn betur.

Reynslan sýnir að það verður aldrei nein sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið

Halldór

Frá degi til dags

Yfir fimmtugt

Upplýst var í gær að tiltekin rafmagnshlaupahjól væru ekki ætluð fólki undir sextán ára. Líka kom fram að þau eru ekki fyrir fólk yfir fimmtugu. Sagði einhver aldursfordómar? Hvers eiga þeir að gjalda sem orðnir eru fimmtugir að geta ekki þeyst um á rafknúnum fák um götur? Eru það áunnin kíló sem fjölgar að líkindum með hverju ári eða lúkkar fimmtugt fólk ekki nógu svalt á hlaupahjóli? Þarf ekki Félag eldri borgara að boða til fundar, semja ályktun og mótmæla aldursmánun?

Styttur bæjarins

Styttur eiga undir högg að sækja í heiminum í dag og beinast nú spjótin að styttu Ingólfs á Arnarhóli. Hann var jú þrælahaldari og sennilega með ýmislegt annað á samviskunni. Ber því að taka styttuna niður og bræða hana. Í ljósi jafnræðis verður vitaskuld að taka niður Leif heppna líka sem einnig átti þræla. Það þarf varla að minnast á að Kristján IX verður að fara, nýlendukóngurinn sjálfur, og allt eins gott að kippa Hannesi, sem stendur honum á vinstri hönd, með. Einar Ben. verður líka að fjúka, hann var virkjanasinni og þar með landníðingur, og Jón Sigurðsson var pottþétt með sárasótt eftir danskar vændiskonur. Ólafur Thors, Skúli fógeti, Jónas, Héðinn ... allir þessir miðaldra forréttindapésar skulu fara.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Velkomin í lifandi sumarborg

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og formaður borgarráðs

Sumarborgin var sett af stað, ekki síst vegna þeirra takmarkana sem nú eru á fjöldasamkomum.

Það verður fjölbreytt mannlíf og skemmtilegir viðburðir í miðborginni í allt sumar. Undanfarin ár hefur miðborgin verið langstærsti viðkomustaður erlendra ferðamanna en þeir verða augljóslega færri í ár. Því ákvað borgarráð að styðja við mannlíf, grósku og rekstrarskilyrði í miðborginni með því að gera hana að áhugaverðum áfangastað í sumar, bæði fyrir borgarbúa og landsmenn alla. Fyrsti viðburðurinn var fyrir viku, með hressandi danskennslu á Arnarhóli, og má búast við fjölmörgum slíkum viðburðum í sumar.

Sumarborgin var sett af stað, ekki síst vegna þeirra takmarkana sem nú eru á fjöldasamkomum. Það verður ekki hægt að halda fjölmennar borgarhátíðir í ár. Þess í stað var ákveðið að styðja íbúaráð allra hverfa í Reykjavík til að efla hverfisanda, mannlíf og menningu í sumar. Hverfaráðin munu sjálf ákveða hvaða uppákomur verða í hverfunum í sumar og verður skemmtilegt að sjá fjölbreytnina og hugmyndaauðgina sem mun gera alla Reykjavík að lifandi borg í sumar.

Sumargöturnar opnuðu líka fyrir viku, þar sem skapað er rými fyrir fólk til að koma saman og njóta miðborgarinnar. Lífgað verður upp á sumargöturnar til að taka sem best á móti gestum og gangandi og ýta undir fjölskrúðugt mannlíf. Fjölda bílastæðahúsa er að finna í miðborginni, fyrir þá sem vilja koma akandi, en með því að bæta aðgengi gangandi og hjólandi er fólk hvatt til að stíga út úr bílunum, rölta á milli verslana og njóta þess að sýna sig og sjá aðra.

Annað árið í röð verður sumaropnun í sex leikskólum í borginni, svo að foreldrar reykvískra leikskólabarna geti sjálfir ákveðið hvenær þeim hentar að fara í sumarfrí. Í ár verða sumaropnunar-leikskólar einnig nýttir til að koma til móts við foreldra sem eiga skert sumarleyfi vegna ástandsins.

Sumarborgin 2020 verður því alveg frábær og eru allir landsmenn boðnir í borgina til að njóta.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Öndun

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Ég kljáist við dulítinn kvilla. Hann lýsir sér í því að að stundum fæ ég verk í bakið við setu í stól og/eða niður annan handlegginn við áreynslu. Þetta getur orðið ferlega vont, en orsakast þó sem betur fer ekki af neinu stóralvarlegu. Í bakinu er klemmd taug. Ég fæ reyndar aldrei samúð frá svokölluðum vinum mínum þegar ég minnist á verki vegna klemmdu taugarinnar. Mér hefur verið tjáð að „klemmd taug“ hljómi of hjákátlega. Ég hef því prófað að tala frekar um samfallna hryggjarliði, sem er önnur leið – að mér skilst – til að lýsa ásigkomulaginu, og það er ekki að spyrja að því. Samfallnir hryggjarliðir uppskera mun meiri skilning og hluttekningu en klemmd taug.

En hvað um það. Fyrir nokkrum árum ákvað ég að leita mér liðsinnis sjúkraþjálfara út af þessu ófremdarástandi. Sá er mikill snillingur. Ég bjóst auðvitað við að viðkomandi myndi nudda úr mér kvillann, beina að mér einhvers konar infrarauðum geislum eða bera á mig taugaklemmulosandi smyrsl, en svo var ekki. Sjúkraþjálfarinn byrjaði fyrsta tímann á að spyrja mig að þessu: Hvernig andar þú, Guðmundur?

Grundvöllur alls

Hann var fljótur að sjá meinsemdina. Hann sagði mér að ég andaði of stuttaralega. Ég væri í raun ömurlegur í að anda. Ég andaði ekki niður í kvið, heldur bara rétt niður í bringu. Út frá öndun minni var hann fljótur að greina að einhverra hluta vegna – kannski vegna áranna á Alþingi – var líkami minn yfirspenntur. Ég var fastur í öxlum. Steyptur í einhvers konar varnarviðbragð. Of ör. Ég þyrfti að slaka betur. Ég þyrfti, sagði hann, að læra að anda. Að nota þindina. Anda ofan í kviðinn. Slaka.

> **Að þessu sögðu legg ég til: Hvernig væri að við skilgreindum stjórnmál, heimsmál og hugsjónir upp á nýtt og létum nægja að sammælast um eitt einfalt markmið, og létum öll önnur bíða um sinn, enda okkur augljóslega um megn.**

Öndunin, sagði hann, er grundvöllur alls. Og það er merkilegt að ef ég man að anda rétt, að einbeita mér að því að anda og slaka, að þá líður mér beinlínis betur í bakinu og í handleggnum. Lykilatriðið er að gleyma þessu ekki í amstri daganna.

Ég hef síðan tekið eftir þessu betur og betur. Svo margt snýst um öndun. Úrið mitt minnir mig á að anda djúpt í mínútu einu sinni á dag, því rannsóknir sýna jú að slíkt eykur lífsgæði. Að byrja daginn á því að anda almennilega getur skipt sköpum. Með öndun að vopni getur maður þraukað hinar svakalegustu aðstæður. Óvinur manns í köldu vatni er til dæmis ekki kuldinn, heldur það að maður missi stjórn á önduninni. Kunni maður að anda getur maður dvalið löngum stundum í skítköldum sjó.

Margir átta sig á þessu og sífellt fleiri hafa vaknað til vitundar um gildi góðrar öndunar. Það sem ég vildi sagt hafa í þessu samhengi er hins vegar þetta: Við öll sem lifum, hvort sem við erum gul, brún, svört, hvít, rauð, samkynhneigð, gagnkynhneigð, trans, bi, kona, karl, fötluð, öldruð, börn eða miðaldra – eða guð má vita hvað – höfum öll aðgang að þessum krafti. Að anda. Allir geta stundað öndun, bætt öndun sína, öðlast meiri hamingju í gegnum góða öndun, sigrast á aðstæðum sínum í gegnum öndun. Allir geta beitt öndun sinni.

Markmið heimsmála

Það sem er svo merkilegt hins vegar við tímana sem við lifum núna er að þessi kjarnagjöf allra manneskja er alls ekki sjálfsögð. Það þarf að vernda hana sem fjöregg. Barátta tuttugustu og fyrstu aldarinnar við hamfarahlýnun snýst um það hvort hér verði yfirleitt hægt að anda. Þessi dægrin hefur mannkyn allt háð orrustu við vírus sem getur lagst þannig á fólk að það getur ekki andað. Út um allar jarðir vinnur heilbrigðisstarfsfólk við það nótt og dag að hjálpa fólki að anda. Í þessum kringumstæðum í ofanálag er það nánast eins og að vera staddur í einhvers konar ljóðabálki guðanna, skrifuðum í bók örlaganna og send okkur öllum sem lokaskilaboð fyrir lokabardaga tilvistarinnar, að sú mótmælaalda sem skiljanlega hefur riðið yfir heimsbyggðina undanfarið á upptök sín í því að maður, undir hné yfirvaldsins, hvíslaði síendurtekið áður en kerfisbundið ofbeldi árhundraða dró hann til dauða: „Ég get ekki andað.“

Að þessu sögðu legg ég til: Hvernig væri að við skilgreindum stjórnmál, heimsmál og hugsjónir upp á nýtt og létum nægja að sammælast um eitt einfalt markmið, og létum öll önnur bíða um sinn, enda okkur augljóslega um megn? Bara þetta: Það er sameiginlegt markmið okkar að tryggja að allt fólk – og þá meinum við allt – geti andað. Að það geti bætt öndun sína, beitt henni og notið hennar til jafns við aðra í jafnmiklu andrými og aðrir, allt til síðasta andardráttar sem náttúran gefur. Byrjum þar. Verndum þetta. Ef við náum því er ég viss um að allt annað mun fylgja.

Goðafoss friðlýstur

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra.

Ísland er ríkt af mikilfenglegum fossum. Goðafoss í Skjálfandafljóti er svo sannarlega einn þeirra. Hann er einn vatnsmesti foss landsins og ásýnd hans er fjölbreytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð. Í gær varð sá merkilegi áfangi í náttúruvernd á Íslandi að Goðafoss var friðlýstur sem náttúruvætti. Goðafoss er ein helsta náttúruperla landsins og einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum Norðurlands.

Mikið náttúruverndargildi

Með friðlýsingunni er stuðlað að verndun fossins og næsta nágrennis. Meðal markmiða er að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn vegna fegurðar, sérkenna og útivistargildis svæðisins. Einnig er um að ræða sérstæðar náttúruminjar og breytileika í jarðmyndunum sem auka á verndargildið.

Landvarsla og innviðir

Ég man alltaf þegar ég kom fyrst að Goðafossi, sextán ára gamall menntaskólanemi. Mér fannst fossinn vægast sagt stórfenglegur.

Síðan þá hefur ferðamönnum fjölgað gríðarlega og mikil uppbygging átt sér stað á svæðinu. Með friðlýsingunni verður landvarsla tryggð og þar með fræðsla og eftirlit á svæðinu og einnig þarf að ljúka þar uppbyggingu innviða.

Friðlýsing svæða kemur á betra skipulagi sem gerir að verkum að hægt er að taka betur utan um verðmætin. Þannig tryggjum við að ekki sé á þau gengið á sama tíma og fólk fær notið þeirra, bæði núverandi og komandi kynslóðir.

Fossalandið Ísland

Mörg okkar eigum okkur uppáhaldsfoss, ýmist sem tengist barnæsku og uppeldisstöðvum eða sem við höfum hrifist af síðar á ævinni.

Meðal vinsælustu ferðamannastaða landsins eru fossar. Gullfoss, Goðafoss, Seljalandsfoss, Skógarfoss, Hraunfossar, Hengifoss, Dettifoss og Dynjandi, svo einhverjir séu nefndir. Aðrir fossar verða sífellt vinsælli, til dæmis fossarnir á Ófeigsfjarðarheiði á Ströndum. Ísland er svo sannarlega land fossa og það er mikilvægt að við stöndum vörð um þau náttúruverðmæti sem felast í fossunum okkar. Það skapar líka atvinnutækifæri og auðlegð að vernda fossa.

> **Hann er einn vatnsmesti foss landsins og ásýnd hans er fjölbreytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð.**

Framsýni í Þingeyjarsveit

Friðlýsing Goðafoss er hluti af átaki í friðlýsingum sem ég hratt af stað árið 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Átakið er unnið í samstarfi Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Friðlýsing Goðafoss er níunda friðlýsingin sem ég staðfesti. Ég vil þakka sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og landeigendum jarðanna Hriflu, Ljósavatns og Rauðár fyrir framsýnina með þessari friðlýsingu. Megi Goðafoss, Skjálfandafljót og Íslendingar allir njóta þessarar ákvörðunar um ókomna tíð.

Fagmennskan er gulls ígildi

Friðrik Rafnsson
faglærður leiðsögumaður og þýðandi

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur," segir máltækið. Það eru ekki mörg ár síðan menn veltu fyrir sér nokkuð kvíðnir hvort sá dagur kæmi að fjöldi ferðamanna sem hingað kæmi færi fram úr íbúafjölda landsins, eða um það bil þrjú hundruð og þrjátíu þúsund. Ekki leið á löngu þar til þeim fjölda var náð, gos hófst undir Eyjafjallajökli og ferðamannafjöldinn margfaldaðist sem kunnugt er árin þar á eftir. Þar með upphófst gósentíð í ferðaþjónustunni, margs konar þjónusta við ferðamennina blómstraði og uppbyggingin varð gríðarmikil og frjósöm, ekki síst úti á landi þar sem ferðaþjónustan varð veruleg búbót og sums staðar jafnvel uppistaðan í tekjuöfluninni eins og nú hefur komið berlega í ljós.

Misjafn sauður í mörgu fé

Ég hef starfað sem leiðsögumaður um árabil og varð sjálfur vitni að mörgu sem vel og fagmannlega var gert en líka að vafasömum vinnubrögðum og heyrði enn oftar um þau. Starfsmönnum, einkum erlendum, var þrælað út á lúsarlaunum á veitingastöðum, hótelum og það gekk fjöllunum hærra að rútu- og afþreyingarfyrirtæki hafi borgað bílstjórum og ófaglærðum leiðsögumönnum langt undir taxta. Sögur gengu um skattsvik og leyfislausa starfsemi en yfirvöld stóðu aðgerðalaus á hliðarlínunni í nafni athafnafrelsis og hins heilaga frjálsa markaðar, trúarkreddu þeirra sem kenna sig við frjálslyndi í stjórnmálum. Sú stefna hefur snúist upp í andhverfu sína, skekkt raunverulega, heilbrigða samkeppni og skaðað öll þau fyrirtæki sem eru með allt á hreinu, borga að lágmarki umsamin taxtalaun og greiða þá skatta og gjöld sem þeim ber til samfélagsins.

Tímamót og tækifæri

Núna stöndum við á tímamótum í þessari atvinnugrein. Ísland er og verður áfram eftirsóttur áfangastaður. Náttúran, menningin, öryggið, gestrisnir íbúar, þetta er viðkvæði ferðamanna sem ég og aðrir leiðsögumenn heyra stöðugt frá ánægðum farþegum. Þetta er það sem hefur laðað fólk til landsins og mun gera áfram og ef til vill enn meira en áður þegar plágan

Yfirvöld verða að gera gangskör að því að leita uppi skattsvikara, stoppa kennitöluflakk, stöðva rekstur fyrirtækja sem arðræna starfsmenn með því að borga þeim lúsarlaun.

sem herjað hefur á heimsbyggðina undanfarna mánuði er gengin yfir. Svokölluð „græn ferðamennska" verður æ eftirsóttari með hverju árinu sem líður, ekki síst meðal vel stæðra stórborgarbúa víða um heim, og þar höfum við Íslendingar heldur betur sterka stöðu ef við höldum vel á okkar málum næstu misseri og ár.

Fagmennska í fyrirrúmi

Þess vegna þurfum við nú að skilja sauðina frá höfrunum, leggja áherslu á gæði í stað magns. Yfirvöld verða að gera gangskör að því að leita uppi skattsvikara, stoppa kennitöluflakk, stöðva rekstur fyrirtækja sem arðræna starfsmenn með því að borga þeim lúsarlaun. Og starfsgreinin verður að líta í eigin barm, bæta enn samkeppnishæfnina með því að leggja enn frekari áherslu á gæði og fagmennsku, sjá til þess að öryggi gesta okkar og virðing fyrir náttúrunni og sjálfbærni á öllum sviðum sé alls staðar höfð að leiðarljósi. Þá mun ferðaþjónustan rísa úr öskustónni og við munum aftur geta stolt sýnt erlendu gestunum okkar þá gestrisni sem er okkur til sóma og þeir eiga skilið.

Vindorka er hluti af heildarskipulagi orkuvinnslu

Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður Vinstri grænna

Raforka framleidd með stórum vindmyllum er með grænan plús þegar búið er að reikna út, með lífsferilsgreiningu, kolefnisspor frá „vöggu til grafar" og raforkunni sem það skilar er stillt upp á móti raforku sem unnin er með ósjálfbærum hætti. Könnun Landsvirkjunar á orkuframleiðslu tveggja vindmylla hjá Búrfelli bendir til þess að vindorka sé nothæfur viðbótarkostur á Íslandi. Einn myllulundur Landsvirkjunar er í nýtingarflokki svokallaðrar rammaáætlunar og annar í biðflokki en utan áætlunarinnar eru margir stórir myllulundir í skoðun, t.d. í Dalasýslu á vegum erlendra aðila með íslenska samverkamenn, og svo er hið norska Zephyr með tíu staði markaða til skoðunar víða um land. Stórfellt erlent eignarhald vindorkuvera er umhugsunarvert, svo ekki sé meira sagt.

Öll orkuver yfir 10 MW eiga að falla undir rammaáætlun. Um það eru lög nægilega skýr að mínu mati. Annað merkir fullkominn skort á heildarskipulagi og utanumhaldi orkuframleiðslunnar þegar þess er gætt að könnun Zephyr alein nær til vindorkuvera sem myndu framleiða álíka mikið rafafl og öll stærri orkuver landsins, samanlögð. Það væri fráleit framtíðarstaða.

Samvinna innlendra og erlendra vindorkufyrirtækja við sveitarfélög heimilar skipulagsvinnu og hægt er að fá rannsóknarleyfi vegna mælinga og annarra kannana. Dæmigerður vindmyllulundur með 20–30 myllum hefur svipað afl og til dæmis Hrauneyjafossvirkjun. Nýjar vindmyllur eru orðnar stærri en myllurnar við Búrfell, allt að 150–200 metra háar, tveir til þrír Hallgrímskirkjuturnar. Nú er brýnt að tryggja sem fyrst heildarskipulagið sem þarf og koma gerlegum myllulundum inn í rammaáætlun og halda fast við þá stefnu að framleiða orku í samræmi við þarfir og orkufrek verkefni í landinu. Annað regluverk, svo sem formleg virkjunarleyfi, mat á umhverfisáhrifum, málefni raforkuflutnings og annað sem fylgir, gildir um vindorkuver. Hvað sem því líður þarf að hafa

Dæmigerður vindmyllulundur með 20–30 myllum hefur svipað afl og til dæmis Hrauneyjafossvirkjun.

hraðar hendur, ekki við að beisla vindinn heldur ólma hesta samkeppni frammi fyrir ónógu heildarskipulagi í þessum efnum.

Til varnar Þorvaldi Gylfasyni

Andrés Magnússon
læknir og fyrrverandi stjórnlagaráðsmaður

Þorvaldur Gylfason er einn þeirra fáu íslensku prófessora sem hafa sinnt þeirri skyldu sinni sem akademiker að vekja athygli á brestum í lýðræði síns heimalands. Fyrir það hefur hann hlotið óþökk valdamanna en vinsældir almennings. Svo miklar vinsældir almennings að hann hlaut langflest atkvæði allra frambjóðenda til stjórnlagaþings árið 2010. Þorvaldur hefur reynt að halda sig utan við alla flokkspólitík, nema eitt sinn var hann um skamma hríð í litlum stjórnmálaflokki sem vann að því að fá stjórnvöld til þess að standa við að löggilda þá stjórnarskrá sem þjóðin hafði kosið sér.

Þorvaldur hefur fyrst og fremst beitt sér fyrir tveimur þjóðfélagsmálum: að eðlilegt verð fáist fyrir kvótann og að hin nýja stjórnarskrá, sem færir völd frá stjórnmálaflokkum til almennings, verði fullgild. Núverandi kvótakerfi hefur fyrst og fremst verið viðhaldið af

Aftur kemur í ljós að þetta er runnið undan rifjum íslenskra stjórnmálamanna sem beita áhrifum sínum erlendis. Sama fláræðið, sama valdbeitingin, sami flokkurinn, sama ættin, sama nafnið.

Sjálfstæðisflokknum og útgerðarmenn í staðinn viðhaldið Sjálfstæðisflokknum. Sjálfstæðisflokkurinn er einnig sá flokkur sem myndi mestu tapa ef völd stjórnmálaflokka yrðu tempruð eins og hin nýja stjórnarskrá kveður á um. Barátta Þorvaldar Gylfasonar fyrir réttlæti hefur því verið sérstök ógn við Sjálfstæðisflokkinn.

Halldór Laxness var, eins og Þorvaldur Gylfason, óhræddur við að segja skoðanir sínar á því sem honum fannst vera misbrestur á í íslensku þjóðfélagi. Halldór var engu íslensku fjármálavaldi háður af því að bækur hans seldust í bílförmum í BNA. En skyndilega snarhættu bækur hans að seljast þar. Skýringin kom ekki í ljós fyrr en löngu seinna.

Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, hafði gengið á fund bandarískra sendiherrans á Íslandi og beðið um að þessu yrði komið um kring. Sjötíu árum síðar er Þorvaldi Gylfasyni veitt launað embætti erlendis, en skyndilega er þeirri ákvörðun snúið við. Aftur kemur í ljós að þetta er runnið undan rifjum íslenskra stjórnmálamanna sem beita áhrifum sínum erlendis. Sama fláræðið, sama valdbeitingin, sami flokkurinn, sama ættin, sama nafnið.

Refsingar og þrígreining ríkisvaldsins

Guðni Á. Haraldsson
hæstaréttarlögmaður

Í 2. grein stjórnarskrár Íslands er kveðið á um þrígreiningu ríkisvaldsins. Þar segir að Alþingi og forseti lýðveldisins fari með löggjafarvaldið, stjórnvöld með framkvæmdavaldið og dómendur með dómsvaldið.

Þessi þrígreining ríkisvaldsins er einn af hornsteinum lýðveldisins Íslands sem réttarríkis og á meðal annars að tryggja dómstólunum sjálfstæði.

Nú ber svo við að hér á landi eru í gildi lög um framkvæmd refsinga. Í 80. grein þeirra er fjallað um reynslulausn. Með reynslulausn má fella niður hluta refsingar og er það á valdi Fangelsismálastofnunar ríkisins. Stofnunin getur þannig, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, fellt niður helming refsingar sem dómstólar hafa dæmt í refsimálum. Á það einkum við um mál sem ekki teljast mjög alvarleg. Þó getur stofnunin í málum sem teljast alvarleg, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, fellt niður helming refsingar. Það sama á við ef fyrir liggur að um

Alþingi Íslendinga á að samþykkja þessa lagabreytingu og fella hana inn í hegningarlög og eins lög um framkvæmd refsinga.

erlenda ríkisborgara er að ræða sem mun sæta brottvikningu af landi brott að afplánun lokinni.

Sá sem gerist sekur um alvarlega líkamsárás eða manndráp og er dæmdur í til dæmis 16 ára fangelsi getur þannig að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið niður felldan helming refsingar þrátt fyrir að dómstólar landsins hafi dæmt hann í 16 ára fangelsi.

Með þessu fyrirkomulagi er framkvæmdavaldinu í raun veitt heimild til þess að ógilda að hluta dóma í refsimálum og lækka refsingar. Þetta fyrirkomulag er brot á þrígreiningu ríkisvaldsins. Dómstólar, sem ákveða eiga refsingar með dómum sínum, eru í raun gerðir marklausir. Dómar þeirra hafa þannig í raun takmarkað gildi.

Víða erlendis er þessu þannig farið að í dómsorði er kveðið á um það hvort eða hvenær sá dæmdi getur í fyrsta lagi fengið reynslulausn. Þannig er það á valdi dómstólsins að ákveða slíkt. Framkvæmdavaldið sér síðan um framkvæmd refsingar í samræmi við dómsniðurstöðuna. Það er löngu tímabært að breyta þessu fyrirkomulagi hér á landi. Alþingi Íslendinga á að samþykkja þessa lagabreytingu og fella hana inn í hegningarlög og eins lög um framkvæmd refsinga. Dómstólar þyrftu þannig framvegis í dómsniðurstöðu í refsimálum að taka til þess afstöðu hvort hinn dæmdi eigi að fá reynslulausn og ef svo er þá hvenær í fyrsta lagi.

Að öðrum kosti eru dómar íslenskra dómstóla í refsimálum að hluta til marklausir. Fyrirkomulag þetta er auk þess brot á stjórnarskrá.

STÖÐ 2 SPORT ÍSLAND

ÍSLENSKI BOLTINN
Á BETRA VERÐI

aðeins **3.990** kr./mán.

HORFÐU HVAR OG HVENÆR SEM ER
Í STÖÐ 2 APPINU OG Á STOD2.IS

PEPSI MAX DEILDIN | MJÓLKURBIKARINN
LANDSLEIKIR ÍSLANDS Í FÓTBOLTA
OLÍS DEILDIN | DOMINO'S DEILDIN

SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Breiðabliki og Val spáð efstu sætunum

Fótboltinn verður loksins flautaður á hér á landi í kvöld þegar Íslandsmeistarar Vals taka á móti KR í kvennaboltanum. Á morgun eigast síðan sömu lið við karlamegin en KR-ingar hefja þar titilvörn sína.

Þrjú lið stefna í sömu átt

Breiðablik er spáð góðu gengi í sumar og samkvæmt spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna verða Blikastúlkur hans Þorsteins Halldórssonar Íslandsmeistarar. Selfoss, með Dagnýju Brynjarsdóttur í fararbroddi, verða í öðru sæti og Íslandsmeistarar Vals í þriðja sæti. Þar er jú Margrét Lára Viðarsdóttir horfin á braut sem er skarð fyrir skildi.

Þessi þrjú lið skera sig töluvert úr. Þrótti er spáð falli sem og ÍBV.

Blikar hafa endurheimt Rakel Hönnudóttur sem er snúin til baka eftir atvinnumennsku og Sveindís Jane Jónsdóttir er komin frá Keflavík. Blikar hafa þó misst sterka pósta. Ásta Eir Árnadóttir og Fjolla Shala eru í barneignarfríi og Selma Sól er að jafna sig eftir krossbandaaðgerð.

„Það er spenningur í liðinu eins og er held ég í fótboltasamfélaginu. Mér líst vel á komandi sumar, þetta verður skemmtilegt og spennandi og jafnara. Það eru fleiri lið sem gera tilkall og ætla sér að vera í toppbaráttunni. Það er jákvætt," segir Þorsteinn Halldórsson, þjálfari Blika. Hann segir ekkert annað í boði en að berjast um titlana. „Það er þétt leikið fyrri hluta mótsins og að verslunarmannahelgi. Ef allt verður eðlilegt eftir þá helgi verður þetta rólegra. Ef landsleikirnir halda sér þá spila ég níu eða tíu leiki frá 1. ágúst og til 15. október."

Pétur Pétursson, þjálfari Íslandsmeistara Vals, segir að spá sé bara spá. „Við förum inn í mótið á fullum krafti og hlökkum til að mæta KR.

Það er mikil spenna í hópnum. Auðvitað vitum við ekki nákvæmlega hvernig þetta mun ganga eða hvernig ástandið er eftir aðeins tvær eða þrjár vikur af æfingum en það er eitthvað sem öll lið þurfa að eiga við." Hann bætir við að skarð Margrétar Láru sé stórt en maður komi í manns stað. „Málið er að hún er hætt og við getum ekki sett neina nýja Margréti í liðið. Það kemur bara önnur inn í liðið sem spilar með sínum hætti og á annan hátt sem við vonum að gangi upp." **– bb**

Íslandsmót kvenna

1. Breiðablik	284 stig
2. Selfoss	252 stig
3. Valur	251 stig
4. Fylkir	190 stig
5. KR	178 stig
6. Stjarnan	147 stig
7. Þór/KA	124 stig
8. FH	91 stig
9. ÍBV	86 stig
10. Þróttur R.	48 stig

- **Valur - KR**
  fös 12. júní kl. 19.15
- **Breiðablik - FH**
  lau 13. júní kl. 13.00
- **Þór/KA - Stjarnan**
  lau 13. jún kl. 15.00
- **Fylkir - Selfoss**
  lau 13. jún kl. 17.00
- **ÍBV - Þróttur**
  sun 14. jún kl. 16.00

Íslandsmót karla

1. Valur	406 stig
2. KR	373 stig
3. Breiðablik	372 stig
4. FH	311 stig
5. Stjarnan	300 stig
6. Víkingur R.	269 stig
7. ÍA	212 stig
8. Fylkir	171 stig
9. KA	136 stig
10. HK	107 stig
11. Fjölnir	84 stig
12. Grótta	69 stig

- **Valur - KR**
  lau 13. júní kl. 20.00
- **ÍA - KA**
  sun 14. júní kl. 15.45
- **HK - FH**
  sun 14. júní kl. 18.00
- **Breiðablik - Grótta**
  sun 14. júní kl. 20.00
- **Víkingur - Fjölnir**
  mán 15. júní kl. 18.00
- **Stjarnan - Fylkir**
  mán 15. júní kl. 19.15

Sex lið stefna á titilinn

Sparkspekingar gera ráð fyrir því að Íslandsmót karla í knattspyrnu verði tvískipt í sumar. Þannig muni ríkjandi Íslandsmeistarar, KR, fá keppni frá Val, Breiðabliki, FH, Stjörnunni og Víkingi í titilvörn sinni. KA og Fylkir verði í lygnum sjó og ÍA, HK, Fjölnir og Grótta muni svo berjast um að forðast fall.

Nokkur þjálfarakapall fór af stað síðasta haust en fimm lið mæta til leiks með nýja þjálfara í brúnni. Heimi Guðjónssyni er ætlað að reisa Valsliðið aftur upp í hæstu hæðir, Óskar Hrafn Þorvaldsson og Ágúst Þór Gylfason höfðu sætaskipti hjá Breiðabliki og Gróttu. Ólafur Davíð Jóhannesson bættist við í þjálfarateymið hjá Stjörnunni og þríeykið Atli Sveinn Þórarinsson, Ólafur Stígsson og Ólafur Ingi Skúlason stýra Fylki.

Kórónaveirufaraldurinn varð til þess að fjármál félaganna voru í brennidepli í vetur og lítil leikmannavelta var hjá liðum deildarinnar. Liðin mæta því mörg hver lítið breytt til leiks í sumar. Valsmenn bættu Aroni Bjarnasyni við hóp sinn, Baldur Sigurðsson færði sig um set frá Stjörnunni til FH og Ingvar Jónsson er kominn í markið hjá Víkingi svo nokkur félagaskipti séu nefnd.

Grótta mun leika í efstu deild karla í knattspyrnu í fyrsta skipti í sögu félagsins og lungann úr leikmannahópi liðsins fá eldskírn í deildinni í sumar. Fjölnir sem fylgdi Gróttu upp í deild þeirra bestu hefur misst lykilleikmenn og því hætt við því að róðurinn verði þungur hjá Grafarvogsliðinu. Þannig hvarf hryggjarstykki liðsins frá því í fyrra sem samanstóð af Bergsveini Ólafssyni, Rasmusi Christiansen og Alberti Brynjari Ingasyni.

Spennandi verður að fylgjast með hvaða ungu leikmenn stíga fram á sjónarsviðið í sumar. Líklegir í þeim efnum eru Stefán Árni Geirsson hjá KR, Fjölnismaðurinn Jóhann Árni Gunnarsson og Þórir Jóhann Helgason hjá FH. Brynjólfur Andersen Willumsson og Sölvi Snær Fodilsson verða í stórum hlutverkum í sóknarleik Blika og Stjörnunnar. Svo verður mikil ábyrgð á herðum Ara Sigurpálssonar og Valgeirs Valgeirssonar hjá HK. **– hó**

Planið gerir ráð fyrir að vera á toppnum

Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss, segir að það fylgi því engin sérstök pressa að vera spáð öðru sætinu. Liðið sé með skýrt markmið og það sé að lyfta þeim stóra í lok tímabilsins. „Ég held að þeir sem hafa verið að fylgjast með okkur viti að við höfum verið að setja pressu á okkur sjálf. Ég vil meina að það sé betra að pressan komi innan frá heldur en utan frá. Við vitum hvert markmiðið er en það er gaman að sjá að það hafa fleiri tekið eftir okkur."

Hann segir að þriggja ára planið hafi gengið upp. Að enda í topp fimm og verða bikarmeistarar, en Selfoss endaði í þriðja sæti í fyrra og lyfti bikarnum. „Þegar ég tók við haustið 2016 þá féll Selfoss í 1. deild. Þá unnum við með þriggja ára plan og að lyfta bikarmeistaratitli. Það tókst. Ég skrifaði undir nýjan tveggja ára samning og við erum með nýtt plan sem er að verða meistarar. Það er klárt."

> **Ég vil meina að það sé betra að pressan komi innan frá heldur en utan frá.**
>
> Alfreð Elías Jóhannsson

Hann segir að það sé ákveðinn léttir að biðinni sé loks lokið. „Það veit enginn neitt sem er svolítið skemmtilegt. Við erum svolítið að hoppa í djúpu laugina með andstæðinga og maður er ekki vanur að fara í leiki án þess að greina hlutina í drasl. En við erum búnir að gera það sem þarf og verðum tilbúnir – alveg klárlega." **– bb**

Þessi spá kemur mér töluvert á óvart

„Ég er að sjálfsögðu sáttur við þessa spá og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að hún gangi upp. Þetta kemur mér hins vegar nokkuð mikið á óvart," segir Haukur Páll Sigurðsson, fyrirliði Vals, sem er spáð Íslandsmeistaratitlinum í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna.

„Við erum á betri stað hvað líkamlegt ástand varðar en á sama tíma í fyrra. Það eru engin meiðsli fyrir utan Andra Adolphsson sem er að glíma við afleiðingar höfuðhöggs. Undirbúningurinn hefur reyndar verið mjög skrýtinn. Ég hef verið að hlaupa mikið einn sem er spes," segir Haukur Páll enn fremur.

> **Mér hefur liðið vel í nýju hlutverki og því fylgir mikil ábyrgð.**
>
> Höskuldur Gunnlaugsson

Margir eru spenntir fyrir því að sjá Breiðablik spila í sumar en þar hafa ferskir vinda blásið með komu Óskars Hrafns Þorvaldssonar.

„Við erum á góðum stað bæði hvað varðar líkamlegt form og í því að ná tökum á þeim leikstíl sem Óskar Hrafn vill spila," segir Höskuldur Gunnlaugsson sem tók við fyrirliðabandinu hjá Blikum í haust.

„Mér hefur liðið mjög vel í nýju hlutverki og því fylgir mikil ábyrgð. Við erum með sterkt lið og vonumst til þess að halda lykilleikmönnum okkar út tímabilið. Sjálfur er ég með fullan fókus í Kópavoginum en útiloka ekki að fara aftur út á einhverjum tímapunkti." **- hó**

FÓLK
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 12. JÚNÍ 2020

Vinkonurnar Elín Ramette og Agnes Andradóttir lögðu á mánudaginn af stað hjólandi í kringum landið. Markmið ferðarinnar er að safna áheitum og styrkja Hjálparsíma Rauða krossins og netspjallið. ↬4

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is
Fylgstu með!

Kolbrún Karla við jógarólu í jógastúdíóinu heima í Marbella þar sem hún tekur fólk í einkatíma í loftjóga. Í baksýn er málverk úr Galaxy-seríu hennar.

Augað sér fegurðina sem hjartað finnur

Fagurkerinn og listakonan Kolbrún Karla Róbertsdóttir á sér mörg andlit. Hún flutti ein til Marbella með þrjú börn, fimm ferðatöskur og reiðhjól en í farteskinu voru líka skyggnigáfa, tarotspil, listfengi, eldmóður og jógarólur.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Ég er með athyglisbrest sem hefur mótað líf mitt til muna. Að hluta til lít ég á það sem náðargáfu þar sem ekkert stoppar einbeitinguna í sköpuninni en það er ekki alltaf jafn gott í mannlegum samskiptum þar sem ég get hreinlega dottið inn í annan heim í miðju samtali. Ég get líka gleymt fólki, stað og stund svo vikum skiptir þegar ég er að vinna, og er bara hættulega sátt við að sjá hvorki né tala við neinn um langa hríð nema þá börnin mín," segir listakonan, fagurkerinn og loftjógagúrúinn Kolbrún Karla Róbertsdóttir úr Kópavoginum, nú búsett í strandbæ ríka og fræga fólksins í Marbella á Costa del Sol á Spáni.

„Ég var skírð Kolbrún Róbertsdóttir en bætti sjálf við nafninu Karla eftir að ég flutti til útlanda. Ég vil ekki vera kölluð Kolla og elska hreinlega flæðið í Kolbrún Karla. Við höfum öll lagalegan rétt á að breyta nöfnum okkar og ég mæli hreinlega með því að nota það frelsi. Innan um nemendur mína og erlenda vini er ég þekkt sem Karla en meirihluti þeirra sem ég hef átt í samskiptum við síðustu árin eru útlendingar."

Lífið ekki alltaf dans á rósum

Kolbrún Karla segist að mörgu leyti hafa alið sig upp sjálf.

„Ég hef alltaf farið mínar eigin leiðir og er fylgin sjálfri mér. Ef ég einset mér eitthvað tekst mér það yfirleitt. Ég hef náð mörgum markmiðum en lífið hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Ég hef þurft að hafa fyrir hlutunum og eftir situr áfallastreita og kvíðaröskun sem ég næ að halda niðri með hugleiðslu og reglusemi. Sú reynsla er gjöf sem ég hef notað til að miðla til nemenda minna með djúpum skilningi á erfiðum aðstæðum og hvernig hægt er að ná jafnvægi og stjórn aftur. Ég tek öllum áskorunum sem lífið hefur upp á að bjóða – annað er ekki í stöðunni," segir Kolbrún Karla.

Hún tileinkaði sér hugleiðslu snemma á lífsleiðinni.

„Ég leitaði ung inn á við og

Framhald á síðu 2 ↬

Framhald af forsíðu

fannst ég vera heil og sterkust þannig. Allt mitt líf hef ég leitast við að vinna við sköpun, list og líkamsrækt og skapað mér umhverfi þar sem ég get verið sem mest í hugleiðsluflæðinu. Ég er hjarta og sál í kvenmannslíkama og nýti mér þau forréttindi Íslendinga að hafa fæðst á því magnaða orkulandi sem ég tengist á hverjum degi í hugleiðslu því rætur mínar og fótfesta tengjast ávallt Íslandi þótt ég sé nú búsett á Spáni," segir Kolbrún Karla, sem er einhleyp og býr með tveimur yngri börnum sínum við Miðjarðarhafið.

Ró á rómantískum stað

Liðin eru sjö ár síðan Kolbrún Karla lét gamlan draum rætast.

„Sem lítil stúlka sá ég mig alltaf fyrir mér búsetta fjarri heimahögunum á Íslandi. Ég elska að geta málað úti við og var búin að hugleiða það til fjölda ára að flytjast búferlum í heitara loftslag. Dyrnar opnuðust eftir erfiðleika og áföll heima á Íslandi og ég lét slag standa, flutti ein út með börnin mín þrjú, fimm ferðatöskur og reiðhjólin okkar; full bjartsýni um betra líf og ósk um frið og ró. Það er þetta með lífið og örlögin – við fáum allar okkar óskir uppfylltar en stundum þarf erfiðleika til að ljúka upp dyrum í óvissuna og leiðin að draumastaðnum getur verið þyrnum stráð," segir Kolbrún Karla sem nýtur lífsins í paradísinni Marbella.

„Vitaskuld fæ ég stundum heimþrá og dreymir um að keyra hringinn til að stoppa á öllum stöðum á landinu fagra sem ég elska svo mikið. Ég sakna líka elstu dóttur minnar mikið en hún býr á Íslandi. Ég hef þó alltaf verið einfari og sjálfri mér nóg, alveg ekta týpa til að flytja svona í burtu, og því þjakar heimþráin mig lítið þótt ég væri sannarlega til í að knúsa fjölskyldu mína og vini oftar."

Fegurðin kemur innan frá

Fágæt fegurð og kvenlegur yndisþokki gustar af Kolbrúnu Körlu.

„Hversu fögur við erum fer eftir því hvernig við látum hvert öðru líða. Ég borða eins hreina fæðu og ég get og hef síðustu ár bætt inn vítamínum sem hjálpa mikið til. Líf mitt er mjög einfalt, ég er grænkeri, sem er ákveðinn lífsstíll, og hef dregið mig út úr þrýstingi og tilætlunarsemi frá öðru fólki en það er mín helsta uppgötvun að góðri heilsu, sem og nægur svefn. Fegurðin kemur innan frá í formi sjálfsástar og sjálfstrausts sem endurspeglast í huga móttakandans," segir Kolbrún Karla.

„Með tímanum lærir maður að vera sveigjanlegri í samskiptum ásamt því að skapa og virða eigin mörk. Lífið sjálft er ein stór jafnvægisæfing og til að læra að halda andlegu og líkamlegu jafnvægi þarf maður að leyfa sér að vera til og kynnast öllum tilfinningaskalanum; að vera frjáls með sjálfan sig og jafnvel falla, því við lærum að halda jafnvægi á milli fals og stöðugleika, sem er ansi stórt og teygjanlegt svæði."

Fyrir Kolbrúnu Körlu er það að vera kona og manneskja að fá að vera frjáls.

„En frelsið getur verið erfitt að finna ef við þekkjum ekki langanir okkar og þrár. Að njóta lífsins sem kona er að læra að elska sjálfan sig takmarkalaust. Kona með dýpt í augum, útgeislun af lífsreynslu, skilningi, sjálfstrausti og auðmýkt til samsystra sinna er sönn fegurð. Ljósmynd á Facebook getur verið blekkingin ein. Fegurðin er fundin í hjartastað því augað sér það sem hjartað finnur."

Sjötta skilningarvitið opið

Frá því í barnæsku hefur Kolbrún Karla verið í íþróttum. Hún tók þátt í módelstörfum á árum áður og fékk ung áhuga á förðun sem leiddi hana á myndlistarbrautina.

„Ég hef gaman af því að móta líkama og sál og á seinni árum hefur mér þótt gefandi að hvetja aðrar konur til að styrkja sig og vera í sínu besta formi, burtséð frá aldri og aðstæðum. Rótin að þeirri köllun er eigin lífsreynsla. Ég fæ gríðarlega mikið út úr því að fylgjast með nemendum mínum ná markmiðum sínum með því að fylgja minni tækni. Ég á auðvelt með að tengja mig inn á fólk og ef fólk er opið fyrir mér og treystir mér þá byrja upplýsingar að flæða inn til mín. Á þann hátt hef ég tileinkað mér að aðstoða aðra," segir Kolbrún Karla.

Allt sem hún er í dag hefur fylgt henni lengi og er enn að þróast.

„Ég er mjörg andlega þenkjandi og skyggn. Ég hef fengið ótal gjafir, vitneskju og upplifanir með því að vera opin og óhrædd við að kanna aðrar víddir. Innsæi mitt í andlegum málum er ríkulegt og sjötta skilningarvitið opið," segir Kolbrún Karla sem les í tarotspil.

„Tarotspilin eru tól sem gott er að nota þegar við á og ég fékk mín fyrstu spil þegar ég var um tvítugt. Ég er mjög næm eins og við öll getum verið og ef fólk vill fá lestur hjá mér má það vitaskuld hafa samband. Mikið af verkum mínum eru andleg með djúpum tengingum og mikilli heilunarorku. Allt eru þetta sterkir pólar, sérstaklega myndlistin og jógað, og þótt allt þetta tengist á ég erfitt með að sinna mikilli jógakennslu og einbeita mér að myndlistinni á sama tíma. Ég reyni því að vera opin í flæðinu," segir Kolbrún Karla.

Hún á að baki 25 ára myndlistarferil og hefur selt á fjórða hundrað málverka í gegnum tíðina.

Kolbrún Karla í jógastöðu á líkamsræktarstöð þar sem hún tekur stundum fólk í einkatíma í tækjaþjálfun.

„Málverkin mín hafa blessunarlega vakið athygli og enn í dag eru mínir helstu viðskiptavinir í myndlistinni íslenskir. Hér snýst allt um peninga og dýrt að fá inni í galleríum. Þessa dagana vill flott gallerí á svæðinu gera við mig árssamning en vill fá 1,5 milljónir króna greiddar við undirritun samnings auk frjálsrar álagningar á söluverði listaverkanna. Ég er að hugsa málið. Eins og staðan er í dag mála ég eingöngu fyrirfram pantaðar myndir úr málverkaseríum sem ég hef þróað."

Þróaði magnað æfingakerfi

Það var út frá hugleiðslu og samansafnaðri lífsreynslu sem Kolbrún Karla fór að stunda jóga.

„Ég byrjaði ung að kenna eróbikk og þjálfun í tækjasal eftir að hafa æft ballett og dans í barnæsku. Í dag vinn ég með reiki og kenni hugleiðslu og tengingar líkama og hugar. Með því einu að veita líkama okkar einlæga athygli í núinu getum við gert ótrúlegustu hluti. Það byggir á tækni sem er auðvelt að ná ef við tengjum hverja hreyfingu líkamans við þá næstu, með fullri meðvitund um margar hreyfingar á sama tíma. Þessi geta hefur alltaf verið innbyggð í mér og hef ég kennt fjölda fólks og öðrum kennurum að tengjast líkama sínum á annan hátt til að ná betri árangri," upplýsir Kolbrún Karla.

Fyrirtæki hennar á Spáni er Yoga Palace.

„Fyrstu tvö árin starfaði ég sjálfstætt í æfingastöð í Alicante en leigði svo í fjögur ár húsnæði undir jógastúdíó í Marbella á svæði þar sem var fjöldi annarra jógastúdíóa. Mitt var það eina með Aeroyoga-áherslur (loftjóga). Út frá kennslunni þróaði ég nýtt og hreint magnað æfingakerfi, fékk til liðs við mig yfir 200 nemendur til að þróa og bæta æfingakerfið og hef verið að útfæra það fyrir netsölu og kennaranám. En þar sem ég var gríðarlega bundin stúdíóinu öllum stundum, og álagið sem fylgdi skuldbindingunni var mikið, ákvað ég að pakka saman til að einbeita mér að þessu nýja verkefni," segir Kolbrún Karla.

Fram undan eru myndlistarverkefni og sýning heima á Íslandi ef húsnæði finnst og tími vinnst.

„Ég er að útfæra nýja æfingakerfið mitt þar sem í ótal horn er að líta og auglýsi hér með eftir samstarfsaðila sem hefur áhuga á nýju ævintýri með mér. Ég hef átt í viðræðum við erlenda fjárfesta en á mér ósk um að vinna með íslenskum fjárfestum þar sem verkefnið er stórt og margþætt."

Í málverkaseríunni Facebox málar Kolbrún hvaða andlit sem er eftir pöntun.

Draumahelgi Kolbrúnar Körlu er svona: „Hjólatúr og samvera með börnunum mínum með fulla buddu af peningum til að njóta í núinu. Hér er svo ótal margt upp á að bjóða. Marbella er staðurinn."

Fylgstu með Kolbrúnu Körlu á Facebook og Instagram undir Kolbrun Karla Roberts.

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

FLOTT SUMARFÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Við notum Probi® Mage mjólkursýrugerla fyrir meltinguna, þarmaflóruna og varnir líkamans

Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***

Ég hef notað **Probi® Mage** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
- ***Þórunn Kristjónsdóttir***

Þórunn Kristjónsdóttir

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi® Mage** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.

Birgir Þórðarson, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi® Mage** gerði honum gott og tekur það inn daglega.

Birgir Þórðarson

Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - ***Fríða Britt Bergsdóttir***

Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!

abel heilsuvörur

Probi® Járn - mjólkursýrugerlar, járn, C vítamín og fólasín - fyrir aukna uppöku járns og til að viðhalda góðum járngildum

Algengt er að einungis örlítill hluti af járni úr hefðbundnum háskammta járnbætiefnum nýtist í líkamanum og óupptekið járn getur því valdið óþægindum á borð við magaverk, ógleði og hægðatregðu.



Probi® Járn:

- Aukin upptaka járns (upptaka, ekki bara inntaka)
- Getur dregið úr þörf á viðbótar járninntöku
- Milt fyrir meltingarkerfið
- Náttúruleg leið til að viðhalda góðum járngildum – **hentar einnig á meðgöngu**

Caroline Montelius
PhD. Probi AB, Svíþjóð

*„**Probi® Járn** vinnur gegn járnskorti á alveg nýjan máta, með því að auka upptöku járns, ekki eingöngu inntöku. Klínískar rannsóknir liggja að baki vörunni og með því að styðja við aukna járnupptöku er inntökuþörf járns að sama skapi minni og því minnkar samhliða hættan á mögulegum óþægindum tengdum meltingu sem má ef til vill rekja til notkunar á háskammta járnbætiefnum. Útkoman er því jafnari upptaka járns, magi og melting í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra.“*

abel heilsuvörur

Heppnar að hafa hvor aðra

Vinkonurnar Elín Ramette og Agnes Andradóttir lögðu á mánudaginn af stað hjólandi í kringum landið. Markmið ferðarinnar er að safna áheitum og styrkja Hjálparsíma Rauða krossins og netspjallið.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Elín og Agnes segjast ekki vera miklir hjólagarpar en áður en þær lögðu af stað í hringferðina höfðu þær einu sinni farið í hjólaferð út fyrir Reykjavík.

„Við erum þannig séð ekki í formi til að gera þetta," segir Agnes hlæjandi. „En Reykjavík er náttúrlega fjall þannig séð. Það er allt upp og niður þar," – vinkonurnar hlæja.

„Við erum bara jákvæðar gagnvart þessu. Þegar við erum þreyttar þá hættum við bara og finnum stað til að gista," segir Agnes.

„Þetta er eins og allir segja alltaf. Hugarfarið er það sem skiptir mestu máli," bætir Elín við.

Vinkonurnar segjast eiginlega ekki vissar um hvernig þessi hugmynd að hjóla í kringum landið kviknaði.

„Við einhvern veginn ákváðum þetta áður en COVID kom. Ég hringdi í Agnesi á afmælinu hennar í febrúar. Við vorum bara eitthvað að spjalla og fórum allt í einu að tala um að hjóla hringinn. Þetta byrjaði eiginlega sem djók. Við héldum svo áfram að tala um þetta og sögðum allt í einu: Gerum þetta bara," útskýrir Elín.

„Þetta er líka góður tími. Það eru fáir túristar og svona," segir Agnes.

Kom á óvart hvað þetta er auðvelt

Þegar blaðamaður náði tali af stelpunum voru þær staddar í Hreðavatnsskála. Þar höfðu þær gist um nóttina en ferðinni þann daginn var heitið yfir Holtavörðuheiðina.

„Þetta verður stór dagur. Kannski smá erfiður en það verður skemmtilegt í endann að hjóla niður," segir Agnes en þær vinkonurnar voru ekki búnar að ákveða hvar nóttinni yrði varið.

„Kannski tjöldum við eða bönkum bara hjá bónda eða gistum hjá einhverjum sem við þekkjum. Þetta er ekkert mjög skipulagt. En planið er að vera á ferðinni í þrjár vikur svo við myndum koma til baka til Reykjavíkur í byrjun júlí," segir Elín.

Þær tala báðar um að það hafi komið þeim á óvart hvað þeim finnst lítið mál að hjóla á þjóðvegunum með allan farangurinn sinn á hjólunum.

Agnes og Elín eru á hringferð um landið til styrktar góðu málefni.

„Við héldum að þetta myndi verða miklu erfiðara, en þetta er ótrúlega auðvelt. Ég held að flestir geti gert þetta," segir Agnes.

„Já, það þarf bara að passa upp á rassinn. Það meiðir stundum að sitja svona lengi á hjólinu," bætir Elín við.

„En við erum með krem sem við fengum frá Erninum. Það hjálpar okkur mikið. Fólk er búið að hjálpa okkur mjög mikið. Örninn gaf okkur kremið og poka. Vonarstræti gaf okkur fullt af umhverfisvænum snyrtivörum og svo var lögfræðistofa sem vildi gefa okkur búninga. En út af COVID þá komu þeir ekki svo við erum bara í íþróttafötum," segir Elín.

„Ég held það væri þægilegt að vera í svona bleiubuxum eins og margir eru í þegar þeir hjóla," segir Agnes.

Hjólin þeirra Agnesar og Elínar eru vel búin fyrir langt ferðalag um landið.

Elín tekur undir það en fer svo að hlæja.

„Það er ótrúlega fyndið að við gerðum grín að hjólafólki fyrir svona tveimur árum. Bara fyrir svona mánuði vorum við að tala um að við myndum svo ekki vera svona og svona meðan við værum að hjóla," segir hún.

„En núna erum við eins og allir hinir. Með gleraugu og alls konar búnað. Það bara þarf," bætir Agnes við.

1.000 krónur fyrir hvern kílómetra

Vinkonurnar eru með ferðinni að safna áheitum til styrktar Hjálparsíma Rauða krossins. Inni á vefsíðu Rauða krossins má finna tengil á söfnunina en stelpurnar halda líka úti Facebook- og Instagram-síðum undir nafninu Græna hringekjan. Þar má finna tengil inn á söfnunina og fylgjast með ferðalaginu.

„Við erum svo þakklátar. Fullt af fjölskyldu og vinum hafa styrkt málefnið en líka fólk sem við þekkjum ekkert. Ég held við séum komnar upp í 67.000 krónur," segir Elín.

„Markmiðið okkar er að ná 1.000 krónum á kílómetrann. Við erum búnar að hjóla um það bil 160 kílómetra svo við erum aðeins á eftir áætlun," skýtur Agnes inn í.

„Við erum að hugsa um að vera með einhverja leiki á Instagram. Til dæmis að ef við náum einhverri ákveðinni upphæð þá gerum við eitthvað ákveðið. Við viljum reyna að fá fólk þannig til að fylgjast með okkur og styrkja málefnið," segir Elín.

Þær vinkonurnar völdu að styrkja Hjálparsímann vegna þess að þeim finnst hann mikilvægur og vilja að fólk viti af þeirri þjónustu sem þar er í boði.

„Það er búið að vera svo mikið álag á Hjálparsímanum vegna COVID. Það er aukin vanlíðan meðal fólks. Við þekkjum fólk sem hefur nýtt sér þjónustuna og hringt í Hjálparsímann," segir Agnes.

„Þetta er fyrir vellíðan fólks. Við höfum hvor aðra en það eru ekki allir sem hafa einhvern," segir Elín og Agnes bætir við.

„Það eru ekki allir svona heppnir að hafa gott fólk í kringum sig."

KVENRÉTTINDADAGURINN 19. JÚNÍ

Föstudaginn **19. júní** gefur Fréttablaðið út afar áhugavert og skemmtilegt blað í tilefni kvenréttindadagsins.

Fjallað verður um íslenskar konur í lífi, starfi og leik.

Frábær kostur fyrir fyrirtæki til að hampa sínum konum, hvort sem þær eru í framvarðarsveit eða í baklandinu.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jóhann Waage, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656/ johannwaage@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Vertu með!
Allt í gangi

TT • Mótun • Fit Form 60+
Hraðlest • Kynntu þér málið!

Hraðlest

Hraðlest fer af stað 6. júli, 4x í viku í tvær vikur

Verð aðeins 10.900 kr.

Tímabil: 6.-16. júlí, 20.-30. júlí,
4.-13. ágúst og 17.-27. ágúst.

Innritun í síma 581 3730. Sjá nánar á jsb.is

Hlökkum til að sjá þig!

EFLIR / HNOTSKÓGUR

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

Óviljandi arfleifð í hliðstæðum veruleika

Á þessum degi fyrir 56 árum var Nelson Mandela dæmdur til fangelsisvistar og átti eftir að dúsa þar næstu 27 árin. Eftir andlátið varð nafn hans tengt stórfurðulegu fyrirbæri.

Mandela-áhrifin svokölluðu (e. Mandela-effect) lýsa því þegar stór hópur fólks segist muna eftir tilteknum viðburðum eða staðreyndum sem ýmist gerðust ekki eða eiga ekki við rök að styðjast. Oft eru þetta viðburðir eða staðreyndir sem á einhvern hátt tengjast dægurmenningu.

Brigðult minni manna

Ástæðan fyrir því að þetta fyrirbæri er nefnt eftir Mandela er sú að þegar hann lést árið 2013 voru þó nokkrir gáttaðir vegna þess að þeim fannst eins og hann hefði raunar látist mörgum árum fyrr. Hafa þessir einstaklingar sagst muna eftir því að Mandela hafi látist í fangelsi á tíunda áratugnum og vísa í fréttaflutning og jafnvel útfararræðu eiginkonu hans.

Þetta hljómar skiljanlega galið í eyrum margra. Var það afar minnisstætt þegar Mandela losnaði úr fangelsi og varð svo nokkru síðar fyrstur þeldökkra til að vera kosinn og gegna embætti sem forseti Suður-Afríku.

Einhverra hluta vegna eru margir sannfærðir um að Nelson Mandela hafi látist mun fyrr en hann gerði en hann lést í desember árið 2013. MYND/GETTY

Hugtakið er í raun hluti af fölskum minningum en mikið hefur verið rætt um það fyrirbæri enda sífellt að koma betur í ljós að manneskjur eru alls ekki eins áreiðanleg vitni og talið hefur verið. Það sem er þó frábrugðið Mandela-áhrifunum og fölskum minningum er fjöldinn, það er að segja að þetta eru sameiginlegar (e. collective) falskar minningar. Ein túlkunin sem hugvitssamir kenningasmiðir hafa teflt fram er sú að þetta sé merki um að til séu hliðstæðir veruleikar þar sem veruleikinn er að mestu leyti sá sami, að undanskildum nokkrum, að því virðist handahófskenndum, staðreyndum sem eru frábrugðnar.

Vísindamenn hafa sett fram hugsanlegar skýringar á fyrirbærinu sem flestar byggja á því að minni manna er jú afar brigðult. Það sé því töluvert líklegra að þetta skrifist frekar á takmarkanir mannshugans fremur en að tengjast á einhvern hátt hliðstæðum veruleikum.

Minnisstæður misskilningur

Hér eru nokkur dæmi sem gjarnan eru sögð merki um Mandela-áhrif.

- Það dæmi sem flestir kannast sennilega við snýr að fjölda ríkja í Bandaríkjunum. Þannig halda margir því fram að hafa lært í skóla að ríkin væru annaðhvort 51 eða 52. Staðreyndin er hins vegar sú að í Bandaríkjunum eru einungis 50 ríki.
- Eitt frægasta barnsrán sögunnar var þegar syni Charles Lindbergh var rænt árið 1932 og krafist var lausnargjalds. Sumir segjast muna eftir því að málið hafi aldrei verið leyst, það hafi orðið „kalt“ og að þetta hafi verið mikil ráðgáta sem fólk hafi velt fyrir sér áratugum saman. Atburðarásin var þó á þann veg að lík barnsins fannst tveimur mánuðum eftir að því var rænt og maður að nafni Richard Hauptmann var fundinn sekur um og tekinn af lífi fyrir glæpinn.
- Teiknimyndapersónan apinn Georg forvitni var aldrei með skott.
- Bjarnastaðabangsarnir eru á ensku skrifaðir „Berenstain“ en einhverjir eru sannfærðir um að það hafi verið skrifað „Berenstein“ með e-i en ekki a-i.
- Þá eru ýmsir á því að heiti þáttanna Sex and the City hafi verið „Sex IN the city“.
- Í Star Wars segir Svarthöfði ekki „Luke I am your father“ eins og margir segjast minnast, þess í stað segir hann: „No. I am your father.“
- Í kvikmyndinni Lömbin þagna eða Silence of the Lambs segir Hannibal Lecter aldrei: „Hello Clarice“ þegar hann hittir hana fyrst. Síðar í myndinni segir hann svo í símtali við hana: „Well Clarice“ sem gæti verið skýringin.
- Í Forrest Gump segir sögukonan hetjan aldrei: „Life is like a box of chocolates“ í nútíð heldur segir hann „Life was like a box of chocolate“ í þátíð.
- Í teiknimyndinni um Öskubusku segir vonda stjúpan ekki: „Mirror, mirror on the wall“ heldur segir hún „Magic mirror on the wall“.
- Þá er ýmislegt úr heimi tónlistar sem fólk hefur nefnt og þá ekki síst hvort að „The“ komi fyrir í nafni hljómsveita eða ekki. Þannig er hljómsveitin Eagles ekki „The Eagles“ eins og eflaust marga minnir.

VERTU LJÓSAVINUR

Hjálpaðu okkur að bæta aðgengi krabbameinsgreindra að faglegri endurhæfingu.

Við leitum að fleiri mánaðarlegum Ljósavinum til að styðja okkur í stafrænni vegferð.

www.ljosid.is/ljosavinur

Ljósið

Veisla með rabarbara

Nú er tími rabarbarans. Fyrsta uppskera er alltaf best og þess vegna er upplagt að gera eitthvað spennandi með rabarbaranum. Hér koma tvær spennandi hugmyndir.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Rabarbari vex vel hér á landi og vel hægt að fá nokkrar uppskerur yfir sumarið. Sú fyrsta ætti að vera klár og því um að gera að nýta hana. Rabarbarasúpa var algeng á borðum á árum áður, hvernig væri að endurvekja hana og leyfa börnum nútímans að smakka? Hér hefur hún aðeins verið poppuð upp með jarðarberjum og ís en það má auðvitað bara nota rjóma eins og gert var hér á landi. Rabarbari og jarðarber passa einstaklega vel saman.

Rabarbarasúpa

350 g rabarbari í bitum
6–10 jarðarber, skorin í bita
8 dl vatn
1,5 dl sykur
1 vanillustöng
1 kanilstöng
1 tsk. kartöflumjöl hrært í vatni
4–6 kúlur af vanilluís
3–4 msk. hindberjabrjóstsykur, mulinn. Má sleppa.

Skolið rabarbarann vel og skerið í 1 cm stóra bita. Sjóðið upp vatnið og setja kanilstöng og sykur út í það. Deilið vanillustönginni í tvennt og takið fræin úr. Setjið bæði vanillustöngina og fræin í sykurlöginn. Bætið rabarbaranum út í vatnið og látið sjóða í 15 mínútur. Setjið meiri sykur ef súpan er súr. Þegar súpan hefur soðið í 5 mínútur eru jarðarberin sett saman við. Það má sleppa þeim en þau gefa mjög gott bragð. Athugið að sjóða þetta ekki í mauk því þá getur orðið grautur úr þessu í stað súpu. Setjið kartöflumjölið út í og hrærið þar til súpan er passleg. Fjarlægið vanillustöngina og kanil þegar súpan er borin fram. Hægt er að borða þessa súpu heita eða kalda.

Til að gera súpuna svolítið öðruvísi og sparilega má mylja brjóstsykur niður með buffhamri, setja yfir ískúlur sem síðan eru settar út í súpuna. Svolítið öðruvísi en skemmtilegt.

Rabarbarasúpa með jarðarberjum er hressandi sumarmatur. MYNDIR/GETTY

Eftirréttur úr rabarbara með ís.

Rabarbara-eftirréttur með engifer

Hér er góður eftirréttur sem sannarlega er þess virði að prófa. Rétturinn er borinn fram í fallegum glösum eða eftirréttaskálum.

500 g rabarbari í bitum
1–1 1/2 dl sykur
1 msk. smjör
1 tsk. ferskur engifer, mjög smátt skorinn
100 g jarðarber, skorin í sneiðar

Deig

125 g hveiti
125 g sykur
100 g mjúkt smjör

Blandið saman öllum innhaldsefnum í deigið með fingrunum. Deigið á að vera gróft. Skolið rabarbarann og skerið 1–2 cm bita. Setjið 1 dl af sykri á pönnu og bætið síðan smjöri, rabarbara og engifer saman við. Bætið við sykri ef rabarbarinn er mjög súr. Steikið þar til rabarbarinn er orðinn mjúkur. Bætið þá jarðarberjum saman við. Takið síðan pönnuna af hitanum. Setjið í eldfast mót og dreifið deiginu yfir. Bakið í 200 °C heitum ofni í 20–25 mínútur eða þar til deigið hefur fengið fallegan lit. Rétturinn er borinn fram með ís eða rjóma.

FRÍ HEIMSENDING

á vörum keyptum í vefverslun okkar www.grillbudin.is*

*Sjá nánar - Um grillbúðina/skilmálar

Njóttu lífsins heima í sumar

með vönduðu grilli frá Grillbúðinni

LANDMANN gasgrill Triton 4ra brennara

Niðurfellanleg hliðarborð

Afl 12 KW

- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Stór efri grind
- Grillgrindur úr pottjárni
- **Ljós í tökkum**
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillflötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

FULLT VERÐ 99.900

SUMARTILBOÐ

94.900

LANDMANN Rafmagnsgrill

Afl 2.000 wött

- Grillgrindur úr emaleruðu pottjárni
- Sjálfkveikjandi hitamælir
- Grillgrindur úr pottjárni
- Lok úr áli
- Iosanleg hliðarborð
- Grillflötur 48 x 37 cm

FULLT VERÐ 63.900

SUMARTILBOÐ

59.900

Tvær gerðir hjólavagna fáanlegar

LANDMANN Kolagrill 47 og 43cm grillflötur

47cm

10.490

43cm

7.490

LANDMANN ferðagasgrill Grill Chef 2,7 KW

19.900

Öflugt og fyrirferðalítið ferðagasgrill sem leggst vel saman

LANDMANN gasgrill Triton 3ja brennara

Niðurfellanleg hliðarborð

Afl 10,5 KW

- 3 brennarar
- Brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Kveikja í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Hitamælir
- Grillflötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

FRÍ HEIMSENDING

Nánar á www.grillbudin.is

FULLT VERÐ 89.900

SUMARTILBOÐ

79.900

LANDMANN Ball of Fire eldstæði

Yfirbreiðsla fylgir

5 gerðir eldstæða í boði

39.900

LANDMANN gasgrill Falcon 5 brennara

Innrauður OFUR brennari 680c

Afl 18 KW

- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- **Innrauður OFUR brennari**
- Grillgrindur úr pottjárni
- Stór efri grind
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir brennara
- **Ljós í tökkum**
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillflötur 72 x 44,5 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

139.900

Grillið kemur 95% samsett

LANDMANN gasgrill Triton 5 brennara

